



BA ritgerð

Listfræði

Hringur, ferhyrningur og lína

Fyrsta yfirlitssýning á list Eyborgar Guðmundsdóttur
á Kjarvalsstöðum 2019

Heba Helgadóttir

Leiðbeinandi Hlynur Helgason

Febrúar 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Listfræði

Hringur, ferhyrningur og lína

*Fyrsta yfirlitssýning á list Eyborgar Guðmundsdóttur
á Kjarvalsstöðum 2019*

Ritgerð til BA-prófs

Heba Helgadóttir
Kt.: 2307617449

Leiðbeinandi: Hlynur Helgason
Febrúar 2021

Ágrip

Eyborg Guðmundsdóttir (1924–1977) hefur ekki notið mikillar athygli sem listmálari á Íslandi en fyrsta yfirlitssýning á verkum hennar var sett upp á Kjarvalsstöðum árið 2019, rúmum fjórum áratugum eftir lát hennar. Í ritgerðinni er fjallað um sýninguna, sem bar yfirskriftina *Hringur, ferhyrningur og lína*, og stíleinkennum hinnar öguðu geómetrísku abstraktlistar og op-listar eru gerð skil ásamt samþættingu þessara tveggja þátta í eins konar optískri geómetríu sem var sérstaða verka Eyborgar. Hugmyndin bak við uppsetningu og miðlun á þessari sýningu er tengd þremur einkasýningum Eyborgar á Íslandi. Skólun hennar var í París og áhrifavaldar voru reyndir listamenn; Georges Folmer í geómetríunni og Victor Vasarely, oft nefndur faðir op-listarinnar, auk þess sem Eyborg varð fyrir áhrifum af suður-amerískum op-listamönnum sem bjuggu og störfuðu í borginni. Hún starfaði með listamannahópnum *Group Measure*, tók þátt í fjölda sýninga og naut nokkurrar virðingar. List Eyborgar endurspeglar þannig evrópska listasögu og hræringar sem áttu sér stað í myndlist á meginlandinu upp úr miðri síðustu öld. Ferill hennar hér heima er skoðaður í ritgerðinni en list Eyborgar hvarf síðan að nokkru sjónum eftir lát hennar fram til byrjunar þessarar aldar þegar áhugi á list hennar tók að vakna aftur. Leitast verður við að skoða hvernig sýningunni tókst til við að túlka feril Eyborgar á þessari fyrstu yfirlitssýningu fyrir tveimur árum síðan. Farið verður yfir listferil hennar og áhrif eins og hún segir sjálf frá í blaðagreinum og svör hennar við gagnrýni á sýningum hennar hér heima verða viðruð. Fjallað verður um þær viðtökur sem list hennar hlaut, bæði erlendis og hér heima, til að veita innsýn í þau breyttu viðhorf og hugmyndafræðilegu afstöðu til listar hennar frá því að þau eru fyrst sett fram, falla í gleymsku og síðan til upprisú með yfirlitssýningunni *Hringur, ferhyrningur og lína*. Áhugi á list hennar jókst og er Eyborg nú metin sem markverð listakona í samhengi íslenskrar listasögu.

Myndaskrá

Mynd 1: Eyborg Guðmundsdóttir, <i>Án titils</i> , 1959	38
Mynd 2: Eyborg Guðmundsdóttir, <i>Leit að dropanum tæra</i> , 1962	38
Mynd 3: Eyborg Guðmundsdóttir, <i>Línur – Les Lignes d’Or</i> , 1963	39
Mynd 4: Eyborg Guðmundsdóttir, a) <i>Partition</i> , 1966. b) <i>Partition II</i> , 1966. c) <i>Partition III</i> , 1966.....	39
Mynd 5: Eyborg Guðmundsdóttir, <i>Relief I og II – Kubbaleikur</i> , 1974-1975	40
Mynd 6: Eyborg Guðmundsdóttir, <i>Krossinn</i> , 1966	40
Mynd 7: Eyborg Guðmundsdóttir. a) <i>Án titils</i> , 1967-1975. b) <i>Án titils</i> , 1967-1975. c) <i>Án titils</i> , 1967-1975. d) <i>Án titils</i> , 1967-1975	41
Mynd 8: Eyborg Guðmundsdóttir, <i>Svartur kúluleikur og Hvítur kúluleikur</i> , 1974	42
Mynd 9: Eyborg Guðmundsdóttir, <i>Tveir teningar</i> , 1974-1975.....	42

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Sýningin á Kjarvalsstöðum	8
2.1 Geómetrían og ögun	8
2.2 Op-list og blekking	10
2.3 Optísk geómetría	12
2.4 Heildarmynd sýningarinnar	13
3. Abstraktlistin	15
3.1.Fyrsta bylgja abstraktsins: Konstrúktívisminn	16
3.2 Önnur bylgja abstraktsins: Geómetría	16
3.3 Þriðja bylgja abstraktsins: Op-listin	18
3.4 Íslenska strangflatarbyltingin	19
4. Ferill Eyborgar og viðtökur	21
4.1 Nám og sýningar erlendis.....	21
4.2 Heimkoman og misjafnar viðtökur.....	23
4.3 Lokasýningin	26
4.4 Gleymska og upprisa	28
Niðurlag.....	32
Heimildaskrá	33
Viðauki: Myndir	38

1. Inngangur

„Ég tel ekki að líf án lista sé þess virði að vera lifað“¹

Ritgerðin er umfjöllun um yfirlitssýningu og túlkun á ferli listakonunnar Eyborgar Guðmundsdóttur (1924–1977) sem var sett upp í Listasafni Reykjavíkur í vestursal Kjarvalsstaða. Sýningin bar nafnið *Hringur, ferhyrningur og lína* og stóð yfir frá fyrri hluta febrúar fram í lok apríl 2019. Þetta var fyrsta yfirlitssýningin á verkum listakonunnar, sett upp fjörutíu og tveimur árum eftir lát hennar. Sýningarstjórar voru Heba Helgadóttir, nemi í listfræði við Háskóla Íslands, og Ingibjörg Sigurjónsdóttir myndlistamaður, sem sá um uppröðun verka og ævitímalínu í sal. Heba er höfundur þessarar rannsóknar á ferli Eyborgar og vann einnig að aðföngum á listaverkum, texta í sýningarskrá² og texta í bókinni *Hringur, ferhyrningur og lína* ásamt fleiri höfundum.³

Eyborg Guðmundsdóttir var sérstæður myndlistarmaður í íslenskum listheimi og brautryðjandi sem lítið hefur farið fyrir. Hún átti stuttan feril sem spannaði um sextán ár, en á þeim tíma þróaði hún afar persónulegt myndmál sem einkenndist af einföldum formum og sjónarspili. Verk hennar spretta úr alþjóðlegum liststefnum geómetrískrar abstraktlistar og op-listar, þar sem megináherslan er á sjónræn áhrif reglubundinna forma, samanber enska hugtakið *optical* eða hið sjónræna.⁴ Hún vann mest í miðli málverksins, en einnig gerði hún lágmyndir og sinnti hönnun. Eyborg markaði sér sérstöðu innan abstraktlistar hér á landi en list hennar leið hins vegar fyrir það að þegar hún kom inn í íslenskan listheim eftir dvöl í París var geómetrían nánast gengin yfir.

Eyborg var vestfirsk og ólst upp á Eyri við Ingólfsfjörð. Tvítug fluttist hún til móðurbróður síns að Báruseli á Vesturgötu 53 í Reykjavík. Á þeim tíma bjó þar listmálarinn Valtýr Pétursson (1919–1988) sem var fóstursonur húsráðenda. Vesturgatan var vinsæll samkomustaður listamanna og hafði það áhrif á Eyborgu sem var einnig ötul við að sækja listsýningar í uppgangi strangflatarlistarinnar hér á landi. Ákveðin vatnaskil urðu á mótunarárum Eyborgar þegar hún kynntist þýsk-svissneska myndlistarmanninum Dieter Roth (1930–1998) en hann

¹ Sigurður Jón Ólafsson, „Fólk hugsar of mikið“, 9.

² Heba Helgadóttir, *Eyborg Guðmundsdóttir: Hringur, ferhyrningur og lína*, 2019, (Reykjavík: Listasafn Reykjavíkur), 2019, sýningarskrá, sótt þann 5. janúar 2021, <https://listasafnreykjavikur.is/sites/default/files/syningarskra/rameyborgkjarvalssa5handoutfeb2019.pdf>

³ Heba Helgadóttir o.fl., *Eyborg Guðmundsdóttir: Hringur, ferhyrningur og lína*.

⁴ Follin o.fl. *Op Art*, 21.

bjó þá hér á landi og vann að framúrstefnulegri myndlist og hönnun af formrænum toga.⁵ Þeir Dieter og Þorvaldur Skúlason myndlistarmaður (1906–1984) hvöttu Eyborgu til að fara utan til listnáms.

Eyborg hélt til Parísar árið 1959 og hóf myndlistarnám við Académie Julian. Hún var þá orðin 35 ára og þegar komin með mótaða sýn í myndlist sinni. Hin akademíska listmenntun átti ekki við hana og ákvað hún þess í stað að sækja einkatíma hjá listamönnum sem henni þóttu skara fram úr. Mikilvægur áhrifavaldur og leiðbeinandi Eyborgar var Georges Folmer (1895–1977), sem var þungavigtarmaður í geómetrískri abstraktlist í Frakklandi. Hún naut einnig reglulega leiðsagnar eins af upphafsmönnum op-listarinnar, Victor Vasarely (1906–1997), sem vakti áhuga hennar á beinum áhrifum markvissra forma og virkni þeirra á sjónskynjun og upplifun. Eyborg varð meðlimur í alþjóðlegum hópi *Groupe Measure* sem Folmer stofnaði⁶ og hún tók þátt í átján samsýningum víða um Evrópu á árunum 1961–1966.

Eyborg fór til Parísar, nokkuð eftir að flestir íslensku listamannanna sem numu og störfuðu í París sneru heim⁷ og þegar geómetrían var farin að fá áskorun á Íslandi. Það má ætla að sem meðlimur í *Groupe Measure* hafi reynsla og hugmyndir listamanna innan hópsins haft einna mest áhrif á list Eyborgar á Parísarárum hennar. Hún sneri aftur til Íslands árið 1965 og tók þátt í þó nokkrum samsýningum heimkomin, auk þess að halda þrjár einkasýningar. Fyrsta einkasýning hennar var í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1965, önnur á Mokka Kaffi 1966 en sú síðasta árið 1975 í Norræna húsinu. Allan sinn feril hélt Eyborg ótrauð áfram að rannsaka op og geómetríu og tók þannig þátt í að vinna strangflatarmálverkið á ríkari hátt og á sama tíma einfalda það meira en nokkur annar íslenskur listamaður. Eyborg lést fyrir aldur fram árið 1977, aðeins rúmlega fimmtug.

Eftir hennar dag var lítill áhugi á list hennar. Fáein verk voru sýnd á samsýningum þar til árið 1997 þegar í fyrsta sinn var sett upp sýning helguð nokkrum af verkum hennar í galleríinu Annarri hæð við Laugaveg 37. Þetta áhugaleysi er sláandi í ljósi sérstöðu hennar hér á landi, a.m.k. ef marka má orð Guðbergs Bergssonar um hana: „hreinan geómetríumálara áttum við aðeins einn: Eyborgu Guðmundsdóttur.“⁸

Aukinn áhugi hefur komið fram á undanförunum árum bæði í endurliti og greiningu á framlagi kvenkyns listamanna til listasögunnar, en einnig á op-listamönnum, og má segja að sá áhugi birtist í því að Eyborg er loks farin að vekja verðskuldaða athygli. Undanfarin ár hafa

⁵ Aðalsteinn Ingólfsson, „Sigríður Björnsdóttir“, 23.

⁶ Lasfargues o.fl., *Georges Folmer 1895-1977*, 54-55.

⁷ Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Uppbygging í óreiðunni“, 70.

⁸ Guðbergur Bergsson, „Stórmerk sýning á veggjum Kjarvalsstaða“, 28.

konur og móðernísk⁹ list fengið nokkra athygli stórra listasafna og gallería og það á sér stað ákveðin endurritun á móðerníska tímabili listasögunnar. Í kringum aldarafmæli listaskólans Bauhaus (1919–2019) fóru af stað sýningar víða í Evrópu og voru kvenkyns nemendur og kennarar í Bauhaus skólanum sérstaklega kynntar,¹⁰ listamenn sem höfðu fengið litla sem enga athygli í söguskrifum til þessa þó þær hafi verið þriðjungur nemenda við skólann.¹¹ Stór yfirlitssýning með veflistaverkum Bauhaus nemandans og síðar kennarans Anni Alberts (1899–1994) var í listasafninu Tate Modern í London árið 2018.¹² Á íslenska listmarkaðinum árið 2019 stóð i8 Gallery fyrir síðsumarsýningu með þremur kynslóðum kvenna og voru verk Eyborgar þar á meðal í fyrsta sinn.¹³ Einnig hefur áhugi aukist á op-list sem birtist meðal annars í því að árið 2019 var haldin yfirlitssýning á heildarferli frumkvöðuls op-listarinnar Victors Vasarelys í Centre Pompidou safninu í París, fyrsta stórsýningin á verkum hans í 55 ár.¹⁴ Á svipuðum tíma voru sýningar á verkum Vasarelys í tveimur galleríum í París, Galerie Lahumiére¹⁵ og Galerie Denise René.¹⁶

Þessi aukni áhugi leiddi af sér þá sýningu sem fjallað er um í þessari ritgerð, sýningu sem sýndi fram á einstakan listamannsferil Eyborgar. Sýningin er hluti af mikilvægu endurmati á stöðu kvenna í íslenskri listasögu.¹⁷ Að vissu leyti mætti segja að Eyborg hafi verið sá listamaður sem brúaði bilið milli strangflatarlistarinnar og SÚM hér á landi. Þess má geta að þó ekki hafi fyrr verið haldin yfirlitssýning á verkum Eyborgar er kafli í *Íslenskri listasögu III bindi* undir heitinu „Optísk list“ þar sem þáttur Eyborgar er í aðalhlutverki. Þar er sjónum sérstaklega beint að optíska hluta listar hennar og farið yfir feril hennar.¹⁸ Hugmyndin að baki sýningunni og skrifum í tengslum við hana var hvorki að setja verk Eyborgar í innlent samhengi

⁹ Hugtakið móðernismi og móðernísk list í vestrænni myndlist er almennt notað um list frá seinnihluta nítjándu aldar til sjöunda áratugarins, jafnvel aðeins lengur, og nær yfir vítt svið listhreyfinga. Childs, *Modernism*, 1.

¹⁰ Sýningin *#itsalldesine 2019* í Design Museum Danmark um aldarafmæli Bauhaus bauð upp á sérstaka myndbandskyrningu í forsal á hönnun „Bauhausler“ sem var gælunafn Bauhaus kvenna sem lærðu eða kenndu við skólann, sótt þann 18. desember 2020, <https://designmuseum.dk/en/exhibition/bauhaus/>

¹¹ Otto, *Bauhaus Women*, 6.

¹² „Anni Albers,“ vefsíða Tate Modern, sótt þann 5. janúar 2020, <https://www.tate.org.uk/whats-on/tate-modern/exhibition/anni-albers>

¹³ „Late Summer Show,“ vefsíða i8 Gallery, sótt þann 21. desember 2020, <https://i8.is/exhibitions/171/works/>

¹⁴ „Vasarely: Le partage des formes,“ vefsíða Centre Pompidou, sótt þann 13. september 2020, <https://www.centrepompidou.fr/fr/programme/agenda/evenement/cEgR5on>

¹⁵ „The Worlds of Vasarely“ vefsíða Galerie Lahumiére, sótt þann 4. nóvember 2020, <http://www.lahumiere.com/spip.php?article543>

¹⁶ „Victor Vasarely: Une aventure de 75 ans chez Denise René,“ vefsíða Galerie Denise René, sótt þann 15. september 2019, <https://www.deniserene.fr/expositions/vasarely-vues-d-expo/victor-vasarely-rg/>

¹⁷ Ólöf Kristín Sigurðardóttir, inngangur að *Eyborg Guðmundsdóttir*, 7.

¹⁸ Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Optísk list,“ 131-134.

né tengja við samtímamann, heldur fremur að kynna feril hennar með þeim orðum sem hún sjálf hafði um list sína, stutt af blaðagreinum og öðru útgefnu efni. Markmið þessarar ritgerðar er að skoða hvernig til hefur tekist, hvort að sýningin hafi í reynd getað túlkað feril listamanns sem að öðru leyti hefur notið lítillar athygli.

Í kjölfar lýsingar á sýningunni er mikilvægt að líta til þess á hvaða hátt list Eyborgar tengist sögu móðernismans og geómetríunnar sem aktív viðbrögð við nútímanum og nútímavæðingu og hennar persónulegu nálgun sem var að koma reglu á sinn eigin hugarheim þar sem hún sóttist eftir hreinum línunum í lífinu.¹⁹ Bakgrunnssaga abstraktsins verður rakin, frá Malevich og konstrúktúrismanum til nánari þróunar geómetríunnar til 1930. Önnur bylgja abstraktsins kom eftir fyrri heimstyrjöldina en hún verður skoðuð með frekari áherslu á mismunandi listamannahópa²⁰ og þá helst þá listamenn og umhverfi sem Eyborg nefnir í blaðaviðtölum sem höfðu áhrif á hana. Þá verða forsendur op-listarinnar teknar fyrir í tengslum við áhrif hennar á sköpun Eyborgar, sem telst til þriðju bylgju abstraktsins frá því í kringum 1960. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að líta yfir áhrif frá suður-amerískum listamönnum sem voru í París á sama tíma og Eyborg, eins og þeirra Julios Le Parc (1928) og Jesús Rafael Soto (1923–2005) sem nýttu sér rými, ljós, tíma og hreyfingu.²¹ Síðast en ekki síst er nauðsynlegt að skoða íslenskar áherslur í abstraktlist með því að fara yfir íslensku strangflatarbyltinguna þar sem listáhugi Eyborgar kviknaði.

Í tengslum við túlkun á sýningunni verður ferli Eyborgar nánar lýst og þeim viðtökum sem list hennar fékk. Þá verður einnig rætt um skort á áhuga á list Eyborgar eftir andlát hennar og aukinn áhuga á þessari öld, sem sést í því að ákveðið var að halda yfirlitssýninguna. Í síðasta kaflanum verður farið yfir viðbrögð við sýningunni. Rannsókn á þeim viðtökum sem list Eyborgar hlaut gefur dýpt og er hluti af þeirri mynd sem skapast hefur af henni sem listamanni.

Viðamikil leit var gerð að verkum Eyborgar fyrir sýninguna sem að mestu leyti var í gegnum samtöl og fyrirspurnir þar sem maður benti á mann ásamt heimsóknum í listasöfn, ljósmyndasöfn, gallerí og innrömmunarverkstæði. Einnig var stuðst við ritgerð Rúnu Gísladóttur²² sem var skrifuð sex árum eftir lát Eyborgar en eigendur margra verkanna sem hún fjallar um voru látnir og því voru m.a. minningargreinar nýttar í leit að ættingjum. Mörg óþekkt verk eftir Eyborgu komu í leitirnar eftir þessa yfirferð.

¹⁹ M.B.J., „Mér finnst allt merkilegt,“ 12.

²⁰ Houston, „1965: The Year of Op,“ 81.

²¹ Ameline, Soto: *Vibration*, 39-40.

²² Rúna Gísladóttir, „Eyborg Guðmundsdóttir,“ í kassa merktum Eyborgu. Bóka- og heimildasafn Listasafns Íslands.

2. Sýningin á Kjarvalsstöðum

Vestursalur Kjarvalsstaða var eins og sniðinn að list Eyborgar Guðmundsdóttur. Hið einstaka svarta, margferhyrnda geómetrísku loft í sýningarsalnum var vígt árið 1973,²³ á sama tíma og síðari hluti ferils Eyborgar stóð yfir. Yfirskrift sýningarinnar, *Hringur, ferhyningur og lína*, er vísun í orð Eyborgar sjálfar:

Ég held því ekki fram, að geometrían – eða konstruktívisminn – sé öðrum stefnum fremri eða réttari. [...]. Það vill aðeins svo til, að hún hentar mér. Mér finnst hún spennandi viðfangsefni. Frumform hennar, hringur, ferhyningur og lína, eru undirstaða alls í umhverfi okkar og í öllu áþreifanlegu lífi.²⁴

Hringur, ferhyningur og lína voru kjarni viðfangs hennar og leiðarstef í listinni, en þessi form eru endurtekin í umgjörð sýningarinnar. Sýningin var sett fram með línulegum hætti að mestu í tímaröð. Verkin voru sextíu og níu veggverk ásamt einum skúlptúr. Hönnun Eyborgar var sýnd í þremur glerborðum. Elsta verkið er frá 1959 og þau yngstu frá 1975.

Til að gefa sem gleggsta mynd af listferli Eyborgar var farin sú leið að skipta verkunum upp í sex mengi eða viðfangsefni eftir eðli þeirra og tímabilum. Í fyrsta menginu voru verk sem hún sýndi á fyrstu einkasýningu sinni í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1965. Þau einkennast af einfaldri myndbyggingu og agaðri geómetríu ásamt fyrstu þreifingum í op-list. Næst voru verk frá annarri einkasýningu Eyborgar á Mokka Kaffi árið 1966. Þar birtist framþróun hjá henni og áhersla var lögð á op-listina. Þriðja mengið var tengt uppsetningunni í salnum, sérstæð verk, nokkurs konar tilraunaverk. Fjórða mengið fól í sér vísun í trúarleg málefni og tengjast sum erlendum kirkjulistahátíðum sem Eyborg tók þátt í. Fimmta mengið var eftirtektarvert framlag hennar til grafískrar hönnunar. Í sjötta og síðasta menginu á sýningunni voru verk sem Eyborg vann síðasta áratug ævinnar og voru sýnd á síðustu einkasýningu hennar árið 1975 í Norræna húsinu. Hún var þá þroskaður listamaður og verkin bera einkenni athyglisverðrar samsetningar á geómetrískri list og op-list þar sem hún setti saman stranga fleti og skynvillur.

2.1 Geómetrían og ögun

Vert er að minnast á elsta verkið í salnum frá árinu 1959 sem er frábrugðið öðrum verkum hennar og stendur utan mengis (Mynd 1). Áður en hún fór til Parísar bar Eyborg verk sín undir Þorvald Skúlason (1906–1984), einn helsta frumkvöðul móðernískrar listar á Íslandi, sem

²³ Saga Kjarvalsstaða, „Listasafn Reykjavíkur,“ vefsíða Listasafns Reykjavíkur, sótt þann 30. mars 2020, <https://listasafnreykjavikur.is/kjarvalsstadir/saga-kjarvalsstada>

²⁴ M.B.J., „Mér finnst allt merkilegt,“ 12.

hvatti hana eindregið til þess að halda áfram að mála.²⁵ Það gætir áhrifa frá Þorvaldi í þessu verki sem ber með sér flókna myndbyggingu sem einkenndi mörg verk íslenskra abstraktmálara á 6. og 7. áratugnum. Með þessu verki Eyborgar má líta svo á að þar kveðji hún þann forskóla sem hún fékk hér heima.

Verkin í fyrsta menginu eru frá Parísarárunum (1959–1965) og eru með hreinum og afgerandi geómetrískum formum en það er hröð framvinda hjá Eyborgu í ögun við formin. Framan af eiga verkin það sameiginlegt að vera einföld í myndbyggingu og mörg hver með lóð- og láréttum línunum ásamt svörtum formum á hvítum grunni og sparlegri notkun á gráum, bláum og rauðum litum. Auður Ava Ólafsdóttir, listfræðingur og rithöfundur, telur að það hafi verið „Folmer sem kenndi Eyborgu að nota svarta litinn.“²⁶ Áhrifamikið verk í þessu mengi er *Leit að dropanum tæra* frá 1962 (Mynd 2). Þar rís færni Eyborgar hátt í glímunni við einfaldleikann í geómetríunni. Verkið er svart og hvítt, einfalt og að sama skapi er þéttleiki og gott jafnvægi í því.

Verkin í þessu mengi eru unnin með olíu, akríl og bleki, en einnig eru þar klippimyndir og eitt útsaumsverk. Líklegt er að fundir með Folmer og Vasarely ásamt sýningarhaldi með meðlimum Groupe Mesure, sem margir hverjir höfðu tekið virkan þátt í þróun geómetrískrar abstraktlistar, hafi verið henni mikilvæg skólun.²⁷ Úrvinnsla Eyborgar á hinni geómetrísku hefð er bæði vönduð og persónuleg. Georges Folmer ritaði texta í sýningarskrá við fyrstu einkasýningu Eyborgar í Bogasalnum 1965 og hafði þetta að segja um verk hennar:

Það er eins og út frá þeim stafi sérstætt innra líf. Í myndbyggingunni er jafnvægi og dirfska, og hún leiði aldrei til þess sem við bjuggumst við, heldur til annarrar öruggari lausnar, sem við föllumst á. Litirnir eru fremur dimmir. Nokkrir sterkari tónar lífga upp aðallitinn og þannig hljómar í hrynjandi myrkvi hinna.²⁸

Í nokkrum verkum frá þessum tíma má sjá fyrstu skef hennar í átt að op-listinni, eins og í verkinu *Línur* (*Les Lignes d'Or*) frá 1963 sem er málað með drífandi krafti op-listarinnar innan þröngs ramma sjónvillurannsókna á svörtum og hvítum röndum til skiptis (Mynd 3). Verkið er undir sterkum áhrifum frá svart-hvítum op-verkum Vasarelys sem hann vann að mestallan sjötta áratuginn.²⁹

²⁵ „Íslenzk stúlka sýnir í Frakklandi,“ 5.

²⁶ Auður Ava Ólafsdóttir, úr opunarræðu á sýningunni, 8. febrúar 2019.

²⁷ Hrafnhildur Schram, „Leit að dropanum tæra,“ 260.

²⁸ Folmer, *Eyborg Guðmundsdóttir*, 2.

²⁹ Gauthier o.fl., *Vasarely: Sharing Forms*, 22.

2.2 Op-list og blekking

Í mengi tvö eru þrjú verk sem voru á annarri einkasýningu Eyborgar á Mokka Kaffi í lok árs 1966 og eru sérlega athyglisverð. Þessi verk eru ákveðið upphaf hjá Eyborgu þar sem hún leikur sér markvisst að því að blekkja augað með því að virkja rýmið og sjónarhorn áhorfandans. Í verkunum notar hún hreina op-list í fyrsta sinn við gerð þrívíðra verka, *Partition I, II* og *III* frá árinu 1966 (Mynd 4). Unnið er með gler, trékassa og akríl, og hringur, ferhyrningur og lína eru grunnformin í hverju verki fyrir sig. Sumarið áður hafði Eyborg tekið þátt í þremur sýningum í París og hún gat þess í viðtali að sýning argentínska listamannsins Julio Le Parc (1928) hefði hrifið hana.³⁰ Le Parc var áhrifamikill í hópi op-listamanna í París og fékk þetta ár Gullljónið á Feneyjatvíæringnum fyrir op-listaverk unnið inn í kassa. Hér er Eyborg með puttann á púlsinum í op-listinni sem náði hátindi sínum á þessu tímabili þriðju bylgju abstraktlistarinnar.

Þriðja mengið var hugsað fyrir blöndu af verkum sem Eyborg gerði áhugaverðar tilraunir með í ýmsar áttir og lýsa hugrekki hennar og sjálfstæði. Um var að ræða tólf verk og vísa þau nánast í allar þrjár bylgjur abstraktsins; yngstu verkin eru frá 1975 og elstu frá 1963–1965. Í elstu verkunum felst óvenju mikil litagleði miðað við önnur verk hennar. Formgerðin er alfarið lárétt og lóðrétt og með litalögum sem skapar örlitla optíska hreyfingu í þrívídd. Tvö verkanna eru einföld uppbyggð konstrúktív verk frá árunum 1965 og 1966 og má rekja áhrifin í þeim til fyrstu bylgju abstraktsins í Rússlandi og ákveðinnar endurvakningar á konstrúktívisma um miðbik síðustu aldar sem Eyborg gekk inn í með Groupe Measure.³¹ Í yngstu verkunum er Eyborg að gera tilraunir með að mynda blik og blekkingu. Þetta eru lágmyndirnar *Relief I* og *II - Kubbaleikur* frá árunum 1974–1975, unnar með akríl og fosfórliti á tré. Verkin eru hvít og út úr standa hvítir ferhyrndir litlir kubbar þar sem fosfórlitir í appelsínugulu og grænu eru á einni hliðinni sem gefur vægt endurkast frá hverjum kubb (Mynd 5).³²

Í fjórða menginu er unnið með geómetríuna úr annarri bylgju abstraktsins og voru nokkur verk sett saman á sýningunni vegna trúarlegra vísana í titlum þeirra. Eyborg hafði unnið verk sem voru ætluð fyrir kirkjubyggingar og var í anda hugmyndafræði Groupe Measure³³ og miðaði að því að byggja brýr milli lista og byggingarlistar og að listin yrði hluti af opinberu rými. Hún

³⁰ „Eyborg sýnir á Mokka,“ 23.

³¹ Lasfargues o.fl., *Georges Folmer 1895-1977*, 53.

³² Þessi verk eru vísun í mörg verka op- og hreyfilista (kínétík) listamannsins Luis Tomasello (1915-2014) frá Argentínu sem dvaldi í París eftir seinni heimstyrjöldina. Vefsíða um Luis Tomasello, sótt þann 29. desember 2020, <https://www.luistomasello.com/biography/article/biography/?lang=e>

³³ Lasfargues o.fl., *Georges Folmer 1895-1977*, 54.

lýsti í viðtali árið 1970: „Ég hefði ákaflega gaman að því að vinna eitthvað fyrir kirkjur, ekki af því að ég sé neitt sérlega trúhneigð, heldur vegna þess, að einmitt í kirkjum fær hugmyndaflug arkitektanna einna best að njóta sín.“³⁴ Eyborg tók tvívegis þátt í kirkjulistahátíðinni *Salon d'art Sacré* árin 1964 og 1966 og á þeirri seinni sýndi hún stóran flatan svartan abstrakt skúlptúr, *Krossinn* frá 1966, verk sem hékk í loftinu á yfirlitssýningunni. Verkið hefur lögun kross eða englavængja og er gert úr smíðajárni (Mynd 6). Í þessu mengi er stór myndaprenna, *Triptych* frá 1970, háglansandi verk unnin með lakkmálningu á pappa, eitt er rautt, annað svart og þriðja blátt og hvert með miðjusetum smáum grunnformum, hring, ferhyrning og línu sem sker í gegn. Þessi verk eru formræn könnun á rýminu í myndfletinum sem býr yfir tvöfaldri virkni, annars vegar formi og hins vegar hyldýpi litarins, eins konar heilagt rými. *Triptych* er hliðstæða við myndpennu með grunnformum eftir listakonuna og ljóðskáldið Aurélie Nemours (1910–2005), *Itiflía I, II, III* frá 1960. Eyborg nefnir Aurélie og hennar einföldu form í sínu fyrsta blaðaviðtali árið 1961.³⁵ Nemours var ein af meðlimum Group Measure og náði einna lengst í listheiminum af meðlimum hópsins.³⁶

Innst á veggnum sem listaverk úr þessu mengi voru á var verkið *Altaristafla*, unnið með akríl á striga árið 1974. Titillinn er vísbending um að Eyborg sé að vísa í æðri merkingu handan veruleikans. Verkið er eingöngu ferhyrningar sem fara frá rauðu, appelsínugulu, gulu og inn að hvíttri miðju sem gefur tilfinningu fyrir guðlega birtu. Verkið vísar til verka listamannsins og Bauhaus kennarans Josef Albers sem rannsakaði mest alla sína ævi frumformið ferhyrning og virkni lita en Eyborg vísar til hans í viðtali til varnar því að vinna með grunnformin.³⁷

Hönnun Eyborgar og smáverk henni tengd mynda fimmta mengið, verk sýnd í þremur sýningarborðum í rýminu. Fyrsta borðið geymdi hrein einföld geómetrísk smáverk og skissur frá upphafi ferils hennar og í þeim gætir áhrifa frá fyrstu bylgju abstraktsins og Piet Mondrian (1872–1944). Verk Mondrians fengu uppreisn æru í listkreðsum Parísar þar sem hann bjó á þriðja og fjórða áratugnum með ákveðnu endurliti á verkum hans í París um 1955.³⁸ Í nokkrum smáverkum frá því snemma á ferlinum klippir hún verkin í sundur og setur þau saman á nýjan hátt, eins konar samklipp, og eru þau hliðstæð verkum Folmers frá sjötta áratugnum.³⁹ Í öðru

³⁴ G.Þ.E. „Hér er vaxandi áhugi,“ 7.

³⁵ „Íslensk stúlka sýnir í Frakklandi,“ 5.

³⁶ Verk Aurélie Nemours fengu alþjóðlega athygli á hennar efri árum og Centre Pompidou safnið í París hélt stóra yfirlitssýningu á verkum Nemours árið 2004, ári áður en hún lést 95 ára að aldri. Catherine Gonnard, „Aurélie Nemours,“ vefsíða *Aware: Archives of Women Artists, Research and Exhibitions*, sótt þann 2. janúar 2021, <https://awarewomenartists.com/en/artiste/aurelie-nemours/>

³⁷ M.B.J., „Mér finnst allt merkilegt sem vel er gert,“ 12.

³⁸ Thor Vilhjálmsson, „Viðtal við Nínu,“ 19.

³⁹ Lasfargues o.fl., *Georges Folmer 1895-1977*, 175.

borði voru sýningaskrár og boðskort frá þremur einkasýningum hennar sem hún lagði mikinn metnað í. Þar er einnig ljósmynd af fyrsta hönnunarverki Eyborgar fyrir almenningsrými, en það var stigahandrið úr smíðajárni, gert fyrir Hallveigarstaði árið 1966.⁴⁰ Handriðið ber einkenni málverka hennar frá fyrri hluta ferilsins, mismunandi stórir ferhyrndir fletir settir í stigaspíral sem er hreint geómetrískt listaverk. Í síðasta sýningarborðinu voru bókakápur sem hún hannaði, ásamt smámyndum inni í ljóðabók, og uppköst af leikhússkrá fyrir Stadt leikhúsið í Bonn 1961–1962. Í nánast öllum borðunum voru einföld geómetrísk form ráðandi, að mestu leyti svört á hvítum grunni og vísa í fyrstu bylgju abstraktsins, eins og mörg verkanna í fyrsta menginu.

2.3 Optísk geómetría

Í sjötta og síðasta mengi sýningarinnar eru verk sem Eyborg sýndi flest á sinni síðustu einkasýningu árið 1975 og mörkuðu henni endanlega sérstöðu innan abstraktlistar á Íslandi með optískri geómetríu.⁴¹ Verkin eru fjölbreytt, svo sem plexíglerverk, lágmyndir, málverk og hreyfilistaverk eða kínétísk list, og það eru fleiri litir í verkunum en í hinum mengjunum. Rendur, fínlegir strengir sem virðast titra og skálínur mynda uppistöðu margra verkanna en hringformið er einnig áberandi. Hringurinn er lokað grunnform en öðlast ómælanlegt rými inni í verkinu og er kjarni alls sem er. Á þessum tíma var Eyborg að vinna úr þriðju bylgju abstraktsins, um og eftir 1960 og fram yfir 1970, þegar op og hreyfilistinn var í brennidepli. Verk Eyborgar einkennast sífellt meira af leik að birtu, rými og litasamspieli.

Í þessum hluta sýningarinnar var að finna sex afgerandi verk frá árunum 1967–1975, *Ántitils* (Mynd 7). Verkin hengu örlítið frá veggnum, eins konar samlokur, máluð á ferhyrnda plexíglervörð, þar sem hver plata er máluð með mismunandi geómetrískum formum en með ólíkum myndum. Með hreyfingum áhorfenda í sýningarrýminu og skuggamyndum formanna sem skarast á veggnum mynduðu verkin óvenjuleg þrívíddaráhrif. Áhugaverða hliðstæðu við þessar áherslur Eyborgar má sjá í bókverki Dieter Roth frá árunum 1958–1959 og 1964, *Bog/Book* og *Kinderbuch*, sem er optískt eða jafnvel kínétískt myndverk/bókverk.⁴² Þetta eru flettibækur sem hann gerði hér á Íslandi, eins konar hreyfilistaverk í bókaformi.⁴³ Þessi

⁴⁰ Eyborg Guðmundsdóttir, kápumynd og stigahandrið, forsíða á 19. júní, 26-27.

⁴¹ Þetta hugtak kemur fram í blaðaviðtali við Eyborgu árið 1975. M.B.J. „Mér finnst allt merkilegt,“ 12.

⁴² Dieter Roth vann að seríu af konstrúktívískum prentverkum árið 1957 þar sem hann setti saman tvö spjöld til að mynda nýtt form sem hann þróaði síðan lengra með bókverkinu *Book* árið 1958. Roth o.fl., *Graphic Works*, 14.

⁴³ Aðalsteinn Ingólfsson, „ORÐ, MYND: UARÐ, MUND,“ 25.

plexiglerverk Eyborgar virðast einföld en hún beitir fyrir sig áhugaverðum samsetningum til að draga fram myndhverfingar og þrívídd á myndfletinum.

Á síðasta veggnum, ef gengið var réttsælis í salnum, voru að lokum sett saman verk sem birta Eyborgu sem mótaðan listamann sem búinn er að marka sér athyglisverða og ákveðna stefnu í sinni list. Lágmyndaparið *Svartur kúluleikur* frá 1974 er marglaga kínétískt op-verk sem býr yfir þrefaldri virkni, þar sem megináherslan er lögð á könnun rýmisins. Þetta er svartur kassi með fíngerðum láréttum línunum inni í botninum en framan við hanga lóðréttir strengir með svörtum kúlum á endanum og kúlurnar má hreyfa. Hér er það dýptin, sjóntruflunin og hreyfilistinn sem leikið er með. Hinn hlutinn af parinu er *Hvítur kúluleikur* frá 1974, alhvítur kassi bakgrunnur, snæri og kúlur líka en brotið upp með einni rauðri kúlu. Eyborg er hér að fást við afstöðu forma og lögmál rúms og hreyfingar (Mynd 8).

Tveir teningar frá 1974–1975 er mikilvægt verk í þessu síðasta mengi, verk unnið með akríl í dökkbláum og hvítum lit og er tjáning á mjög einfaldan hátt þar sem geómetrían og op-listinn sameinast og kvarnast í einhvers konar útkomu eða niðurstöðu á hennar ferli þar sem hún tengir margt saman (Mynd 9). Þarna leikur hún sér með bæði tví- og þrívíddarskynjun áhorfandans og stefnir hreinum kyrrum geómetrískum formum í samspili við optískar láréttar línur sem mynda eins konar slitróttan strengjaleik. Dökkblá þyngd feringanna í miðju verkinu færir áhorfandann nær en með því að tefla línunum hvorri sínu megin við teningana kallar hún fram hughrif um fjarlægð. Miklar andstæður eru á myndfletinum sem í senn takast á og mynda sterka heild og eru til marks um agað og listrænt öryggi Eyborgar og þá fjölbreyttu framþróun og tilraunir sem hún vann að á sínum ferli. Hugmyndafræðilega er þetta verk skylt lágmyndaverkinu *Dos Cuadritos* frá 1974 eftir Jesús Rafael Soto (1923–2005)⁴⁴ með ferhyrningsformið sem kyrru. Verkið er vísun í Malevich mitt í op og kínétík-verkum hans þar sem hann teflir saman fyrstu og þriðju bylgju abstraktsins í sama verkinu sem Eyborg er að vinna meira með þegar líða tekur á feril hennar með optískri geómetríu.

2.4 Heildarmynd sýningarinnar

Sýningin hverfðist um að fá heildarsýn á feril Eyborgar þar sem það hafði ekki verið gert áður. Tvenns konar forsendur réðu stefnumörkun að sýningunni og túlkun forsenda. Annars vegar var það sjónræn nálgun, hvernig sýningin var sett upp, og hins vegar miðlun hugmynda að baki

⁴⁴ Jesús Rafael Soto var venesúelskur listamaður sem tók þátt í fyrstu op- og hreyfilistasýningunni *Le mouvement*, 1955 með Vasarely. Soto var virkur í op-listasenuinni í París á sjötta áratuginum fram á þann sjöunda þegar Eyborg bjó þar og hann er eitt af stóru nöfnunum í op- og hreyfilistinni í listasögunni. Foster o.fl., *Art Since 1900*, 379. Eyborg vann hugmynd sína í tvívídd en Soto vann sitt verk í þrívídd.

verkunum í ræðu og riti. Í báðum tilfellum var stuðst við margvíslegar heimildir um listferil Eyborgar. Þessar heimildir eru m.a. tímarita- og blaðaviðtöl ásamt ljósmyndum úr einka- og opinberum ljósmyndasöfnum.⁴⁵ Í gegnum þessar heimildir um sýningar hennar, bæði erlendis og hérlandis, er hægt að lesa í tímabil, áhrifavalda, hliðstæður í list hennar og hugmyndafræðilegar hræringar. Það má greina framþróun í verkum Eyborgar sem endurspegladist á einkasýningum framan af ferlinum og vísar til þess sem var að gerast í geómetríunni og op-listinni í Evrópu sem hún tjáir sig um opinberlega. Á byrjunarárunum framandgerir hún sig með því að leggja áherslu á að starfs- og hugmyndavettvangur hennar sé í Evrópu og að með tímanum vilji hún gjarnan sýna hér á landi. Upp úr 1970 vann hún mest við list sína hér heima og viðraði hugmyndir sínar um að listin ætti heima jafnt utan safna sem innan og vera landsbyggðinni aðgengileg, auk þess sem hún lagði áherslu á að hönnun hennar væri henni jafn mikilvæg og málverkin. Með þessar upplýsingar að leiðarljósi var ákveðið að skipta sýningunni upp sjónrænt eftir þremur einkasýningum, tilraunum og hönnun hennar. Fyrir utan blaðagreinar var gagnlegar heimildir og upplýsingar um mörg verka Eyborgar að finna í aðföngum og lokaritgerð Rúnu Gísladóttur (1940) við Myndlista- og handíðaskólann frá árinu 1981, *Eyborg Guðmundsdóttir 1924–1977*.⁴⁶

Ekki tókst að finna öll verk Eyborgar fyrir þessa sýningu en áætla má út frá heimildum að heildarverkasafn hennar telji vel á annað hundrað verk. Þau verk sem voru valin á sýninguna féllu hins vegar vel að þeirri hugmynd sem lagt var upp með og fanga helstu einkenni höfundarverksins.

⁴⁵ Opinberu söfnin eru Ljósmyndasafn Íslands - Þjóðminjasafn og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Nokkar myndir koma úr einkasöfnum, m.a. Sveins Þórs Þórhallssonar o.fl.

⁴⁶ Ritgerðin er í kassa sem merktur er „Eyborg Guðmundsdóttir“ með úrklippum, bréfum o.fl. Bóka- og heimildasafn Listasafns Íslands. Útdráttur úr ritgerðinni birtist í *Lesbók, Morgunblaðsins* 1985: Rúna Gísladóttir, „Eyborg,“ 9-11.

3. Abstraktlistin

Verkin á sýningunni bera með sér að Eyborg tileinkaði sér sértækar áherslur í abstraktlistinni miðað við íslenskan listheim og liggja þær forsendur í skólun og starfsvettvangi hennar sem var að hluta til í Evrópu og aðallega í París. Sem þroskuð kona virðist hún komast fljótt inn í síðari tímabil geómetríunnar og leiðbeinendur hennar, sem voru tuttugu og þrjátíu árum eldri en hún og tengdust geómetríunni frá árdögum, hafa þar mögulega eitthvað um að segja. Hún kemur einnig inn í uppgang op-listarinnar í París. Þegar heim kom hélt hún sambandi við listamenn og hópa í París til að næra þær rætur sem hún setti niður á árunum 1959 til 1967. Hún tengdi list sína ávallt við evrópskan listheim í viðtölum og í þessum kafla er fjallað nánar um þann bakgrunn sem stíklur og þá listamenn sem hún tilgreinir sem áhrifavalda í listsköpun sinni. Tilgangurinn er að öðlast skilning á því hvers vegna hún fór mun dýpra inn í geómetríuna en þekktist hér á landi og verður einn af okkar helstu op-listamönnum. Að lokum er rýnt í íslensku abstraktlistina sem fyrst kveikti áhuga hennar á óhlutbundnu málverki.

Lengstan hluta 20. aldar var óhlutlæg myndgerð veigamikill þáttur í vestrænni listasögu. Í fyrstu voru formin hlaðin frumspekilegum hugmyndum, síðan var áherslan á að tæma merkingarsviðið og algildi formsins tók við.⁴⁷ Sögu þessari má skipta í þrjú tímabil eða þrjár bylgjur.⁴⁸ Listsögulegar rætur geómetríunnar mætti marka upp úr 1910 þegar kemur fram óhlutlægt myndmál í Rússlandi og Hollandi sem breytti fyrri hugmyndum manna um listina, frá líkingu við hlutveruleikann til verka sem áttu að endurspegla innra eðli veruleikans. Næsta tímabil er nokkuð eftir lok fyrri heimstyrjaldarinnar og undir miðja síðustu öld þar sem alþjóðlegir listamannahópar unnu að því að þróa geómetríska list í þá átt að höfða til listrænnar skynjunar með því að skerpa hið hreina myndmál og tæma merkingarsviðið. Þegar leið á þetta tímabil varð París ákveðin miðja fyrir geómetríska strangleika. Síðasta bylgjan þróaðist í átt til þess að listin byggðist meira á sjónvillu formanna undir nafninu op og felldi inn þátttöku áhorfenda.⁴⁹

⁴⁷ Guðrún Jónsdóttir, *Íslensk astraktlist*, 2.

⁴⁸ Lind „Introduction“, 11-12.

⁴⁹ Gunnar B. Kvaran, *Íslensk abstraktlist*, 5.

3.1. Fyrsta bylgja abstraktsins: Konstrúktívisminn

Hinn rússneski framúrstefnulistamaður Kazimir Malevich (1878–1935) er gjarnan nefndur sem einn af frumherjum geómetrískar abstraktlistar og kom með óhlutlægt myndmál um 1913. Það skírskotaði hvorki til einhvers í náttúru né hlutveruleika almennt en bar í sér sjálfstæðan innri heim grunnforma og lita með áherslu á að finna núllpunkt og kjarnann í málverkinu.⁵⁰ Ári síðar kom fram annar rússneskur hópur með abstrakt myndmál undir yfirskriftinni *konstrúktívismi* sem trúði á hið gagnstæða við Malevich: að listin ætti að hafa bein áhrif á hið félagslega og pólitíska í samfélaginu. Þessar hugmyndir um sjálfbæran merkingarheim voru ekki bundnar við Rússland heldur hluti af alþjóðlegri þróun.⁵¹ Í Hollandi um 1917 varð til hópur ungra listamanna, hönnuða og arkitekta sem mynduðu De Stijl hreyfinguna og þau lögðu áherslu á að abstraktið væri abstraktsins vegna.⁵² Hópurinn beitti strangri aðferðafræði í nálgun sinni á nákvæmum geómetrískum formum með Piet Mondrian (1872–1944) í farabroddi ásamt Theo Van Doesburg (1883–1931) þar sem þeir sáu fyrir sér samruna málara- og byggingarlistar.⁵³ Eftir fyrri heimsstyrjöldina var sótt á ný mið en líka leitað til frumherja í bjartsýni og uppbyggingaranda. Árið 1919 var Bauhaus skólinn í Þýskalandi stofnaður um einingu allra sjónlista sem hafði mikil áhrif í þá átt að endurstilla útlit manngerða heimsins í arkitektúr, listum og ekki síst í hönnun.⁵⁴

Tveir af aðalleiðbeinendum Eyborgar, þeir Folmer og Vasarely, unnu úr áhrifum þessarar fyrstu bylgju. Eyborg minntist á konstrúktívismann í blaðagrein snemma á sínum ferli sem var hluti af hugmyndafræði Groupe Measure að þróa áfram.⁵⁵ Hún vann nokkuð af verkum í anda konstrúktívisma á fyrri hluta ferils síns, en þar gætir einnig áhrifa frá Mondrian.⁵⁶ Vasarely byrjaði sinn feril á hönnun undir áhrifum frá Bauhaus. Ákveðin grunnur að áherslu Eyborgar í byrjun ferilsins liggur því í þessari fyrstu bylgju abstraktsins.

3.2 Önnur bylgja abstraktsins: Geómetrían

Önnur bylgja abstraktsins kom fram um 1930 m.a. í alþjóðlegum hópum Parísar sem áttu sér tiltölulega stuttan líftíma, svo sem *Cercle et Carré*, *Art Concret* og *Abstract Creation*.⁵⁷ Folmer

⁵⁰ Foster o.fl., *Art Since 1900*, 132.

⁵¹ Lind, „Introduction“, 11.

⁵² Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Uppbygging í óreiðunni“, 68.

⁵³ Frampton, „De Stijl“, 141-142.

⁵⁴ Varnedoe, „Why Abstract Art“, 48.

⁵⁵ „Íslensk stúlka sýnir“, 5.

⁵⁶ „Á tíu sýningum í París“, 12.

⁵⁷ Lind, „Introduction“, 12.

var áhrifamikill í þessari annarri bylgju. Flest þau verk sem Eyborg sýndi í Evrópu frá 1961–1967 og á sinni fyrstu einkasýningu hér heima árið 1965 má tengja við þróun og áhrif frá Folmer og eldri meðlimum Groupe Measure. Milli heimstyrjaldanna sveiflaðist abstraktlistin frá því að vera í lægð yfir í endurvakningu með fyrstu alþjóðlegu abstrakt sýningunni *Cercle et Carré* í París árið 1930 og konstrúktívískum áherslum til mótvægis við uppgang súrrealismans.⁵⁸ Íslensk kona, Ingibjörg Stein Bjarnason (1901–1967), var meðlimur Cercle et Carré og átti verk á þessari sýningu.⁵⁹ Annar fámennur hópur sem Doesburg stóð fyrir var Art Concrete og gaf út stefnuyfirlýsingu konkretlistarinnar árið 1930, sem útilokar allar tilvísanir í náttúruna og hugmyndir um þjóðareinkenni í list.⁶⁰ Merking orðsins konkret er hlutlæg og er andstæða orðsins abstrakt sem þýðir afleiddur eða nánast niðursoðinn af þekktanlegu forminu.⁶¹

Þriðji hópurinn sem var mikilvægur fyrir brautargengi annarrar bylgju abstraktsins var Abstract Creation, stofnaður 1931. Þar má ætla að merkingarsviðið hafi verið að tæmast og algildi formsins að festa sig í sessi. Hluti Abstract Creation hópsins stofnaði árið 1936 fjölmennt sýningarsamfélag, *Salon des Réalités Nouvelles*, sem stóð fyrir árlegum sýningum í París frá árinu 1946. Salon des Réalités sýningarnar voru veigamikill vettvangur fyrir óhlutbundna list vel fram á sjöunda áratuginn og Folmer var þar að hluta til við stjórnvölinn.⁶²

Geómetríska listin reis hæst á milli 1950–1960 í París og þar störfuðu alþjóðlegir hópar listamanna sem komu víða að, svo sem frá Norðurlöndunum og Suður-Ameríku.⁶³ Um 1961 í lok annarrar bylgju var stofnaður í París alþjóðlegur hópur listamanna Groupe Measure sem var hugarfóstur Folmers. Eyborg taldi sig hafa verið lánsama að hitta Folmer og sótt reglulega vinnustofu hans og að hafa verið boðin þátttaka í Groupe Measure.⁶⁴ Folmer stofnaði Groupe Measure til að hleypa nýju blóði í geómetríska list og stuðla að endurreisn hennar gegn ýmsum afbrigðum abstraktlistarinnar.⁶⁵ Markmiðið var að þróa hugmyndir geómetrískrar abstraktlistar með því að leggja áherslu á að auka samvinnu listamanna, hönnuða og arkitekta á forsendum myndlistar. Jafnframt var það ákveðinn veikleiki í hugmyndafræði hópsins hvernig ætti að

⁵⁸ Lind „Introduction“, 12.

⁵⁹ Dóra S. Bjarnason, *Brot: Konur sem þorðu*, 94–104. Sjá einnig, Hávar Sigurjónsson, „Ljósbrott frá meginlandinu“, 8.

⁶⁰ Carlsund o.fl., „The Basis of Concret“, 47.

⁶¹ Magnús Pálsson, „Konkret ljóðlist“, 28.

⁶² „Íslensk stúlka sýnir“, 5.

⁶³ Lauter, *Concrete Art in Europe*, 13.

⁶⁴ „Á tíu sýningum í París“, 3 og 12.

⁶⁵ d’Orgeval, „Groupe Measure“, 221.

samtvinna listina með byggingarlistinni á forsendum myndlistar.⁶⁶ Mikil breidd var í hópnum, bæði ungir listamenn frá hinum ýmsum löndum og eldri meðlimir þessa hóps sem höfðu tekið þátt í að vinna að abstraktlist frá því hún kom fyrst fram á meginlandi Evrópu.⁶⁷ Hópurinn sýndi mikið í Þýskalandi þar sem var djúp söguleg hefð fyrir geómetríu sem rekja má til Bauhaus skólans. Talið er að Groupe Measure hópurinn hafi skapað sér ákveðna sérstöðu á þessum tíma með því að nýta sér hugmyndir frumkvöðla í geómetrískri list í framþróun sinni en niðurstaðan var árið 1965 að hópurinn uppskar ekki það sem var lagt af stað með heldur var ákveðið hliðarmengi í listheimi Parísar og hætti síðan í kjölfarið.⁶⁸

3.3 Þriðja bylgja abstraktsins: Op-listin

Þriðja kynslóðin rannsakaði og vann með upphaf nýrrar myndgerðar í kjölfar geómetríunnar.⁶⁹ Framþróun var fólgin í op-listinni og hreyfilistinni eða kínétískri list á sjötta og sjöunda áratugnum þar sem listamenn voru að vinna úr heimi tækninýjunga með samruna lista og vísinda. Meginþráðurinn í hugmyndafræði op-listarinnar fjallar um sambandið milli áhorfandans og myndræmings. Vasarely hleypti af stað hreyfingu um op-stílbrögð árið 1955 með sýningunni *Le mouvement (Hreyfingin)* í Galerie Denise René í París.⁷⁰

Vasarely vann við hönnun í upphafi ferils síns þar sem hann aðlagði auglýsingar að hugmyndafræði móðernismans í kringum 1930, undir áhrifum Bauhaus skólans.⁷¹ Hann byrjaði að gera op-tilraunir með svart og hvítt í verkum sínum með mynstur og línur er mynduðu sterkar andstæður. Síðar urðu breytileg fjarvíddaráhrif, bjartir litir og geómetrísk form meðal þeirra eiginleika sem einkenndu verk Vasarelys.⁷² Hann var mikill áhifavaldur í list Eyborgar sem hún leit á sem sinn helsta læriföður.⁷³ Hún notaði tilbrigði við sama litinn í nokkrum verkum sínum á síðustu einkasýningu sinni árið 1975, sem var að hluta til einkenni á verkum Vasarelys eftir 1970.⁷⁴

⁶⁶ Sama heimild.

⁶⁷ Það voru reynslumiklir listamenn í Groupe Measure eins og t.d. Jean Gorin (1899-1981) sem vann með Piet Mondrian í De Stijl-hreyfingunni frá 1927, Marcelle Cahn (1895-1981), hún var búin að vera í virku sýningarhaldi frá 1925, bæði í hópnum Cercle et Carré og Abstract Creation.

⁶⁸ Lasfargues o.fl., *Georges Folmer 1895-1977*, 252.

⁶⁹ Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Optísk list,“ 131.

⁷⁰ Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Geómetrían sem átrúnaður,“ 9.

⁷¹ Dempsey, „Op Art,“ 231.

⁷² Gauthier o.fl., „Abstract Energies,“ 22.

⁷³ Sigurður Jón Ólafsson, „Fólk hugsar of mikið um peninga hér á landi,“ 9.

⁷⁴ Dempsey, „Op Art,“ 231.

⁷⁴ Gauthier o.fl., „Visual Esperanto,“ 24.

Það voru viðamikil tengsl milli listamanna í Suður-Ameríku í gegnum op og kínétísku listina og settust nokkrir listamenn þaðan að í París um miðbik 20. aldar. Þeir settu mark sitt á listasenuna í borginni.⁷⁵ Eyborg minntist tvívegis í blaðaviðtölum á listamann frá Suður-Ameríku, hinn argentínska Julio Le Parc (1928) en hann var áhrifamikill í hópi op-listamanna upp úr 1960.⁷⁶ Le Parc var hluti af framúrstefnulisthópnum *Groupe de Recherche d'Art Visuel* eða GRAV (1960–1968). Listamennirnir unnu öll verk sín í samvinnu og í nafni hópsins⁷⁷ og gerðu tilraunir til að vinna með verkin beint inn í rýmið í beinu samtali við áhorfandann. Þar bar mest á Le Parc í hópnum en GRAV var næsta kynslóð á eftir Vasarely til að færa op-listina meira inn í þrívídd.⁷⁸ Meðlimir GRAV buðu Eyborgu að slást í hópinn en hún afþakkaði vegna þess að hópurinn vann verk sín sem heild, nokkuð sem Eyborgu fannst ekki eiga við sig.⁷⁹ Eyborg þekkti Le Parc vel og fannst op-verk hans afar athyglisverð.⁸⁰ Með op-listinni var komið að ákveðnum endalokum sögu geómetríunnar sem spannaði meirihluta tuttugustu aldar í Evrópu þar sem mannskepnan stóð mörgum sinnum á tímamótum, bæði í raun og hugmyndafræðilega, tíma sem einkenndist af átökum og leit nýrra leiða í list og lífi.

Verk Eyborgar endurspeglar að hluta til móðerníska sögu listarinnar í Evrópu alveg frá konstruktívismannum, þróun geómetríunnar, byrjunarára op-listarinnar og áhrifa suður-amerískra listamanna þegar leið á þriðju bylgjuna. Hún blandaði þessum áhrifum saman þegar leið á ferilinn og felldi ýmis tilbrigði op-listar að geómetríunni, sem var þó alltaf þungamiðja í hennar hugmyndafræði og verkum.

3.4 Íslenska strangflatarbyltingin

Fyrir miðja 20. öld var hlutbundin list, með landslagsmálverkið í fararbroddi, veigamikill hluti nýfengins sjálfstæðis þjóðarinnar. Um og eftir miðja öldina og fram að sjöunda áratugnum varð hins vegar óhlutbundin list nánast allsráðandi hjá yngri kynslóð listamanna hér á landi. Á árunum 1947–1953 var í París hópur íslenskra myndlistarmanna sem hallaðist nánast alfarið

⁷⁵ Samtal við eiganda Galerie Lalumier í París, Diane Lahumiére þann 8. mars 2019 um þá hugmynd hver væri möguleg ástæðan fyrir þó nokkrum tengslum milli Suður-Ameríku op listamanna og listheims í Parísar upp úr miðbik síðustu aldar. Tillaga hennar var sú að það hafi skapast tengsl þegar Vasarely gerði stórt vegg listaverk, 100 fm., *Tribute to Malevitch*, við háskólann í Caracas í Venusúela, 1954.

⁷⁶ M.B.J., „Myndirnar mínar þurfa góða birtu,“ 12.

⁷⁷ Dempsey, „GRAV,“ 226.

⁷⁸ Sama heimild.

⁷⁹ M.B.J., „Myndirnar mínar þurfa góða birtu,“ 12.

⁸⁰ Sama heimild.

að geómetrískri abstraktlist.⁸¹ Þessi hópur bylti hugsýninni í íslenskum listheimi svo úr varð strangflatarbylting sem stóð mestan hluta sjötta áratugarins.

Valtýr Pétursson var miðlægur í íslensku listalífi á þessum árum og starfaði einnig sem listgagnrýnandi á Morgunblaðinu. Var hann í hópi listamanna sem sóttu sér listmenntun erlendis í meiri mæli en áður þekktist. Þessi hópur bar með sér alþjóðlega strama geómetríunnar hingað heim. Þorvaldur Skúlason, sem var töluvert eldri, reyndari og orðinn málsmetandi listamaður, varð hluti af þessum hópi. Hann átti drjúgan þátt í að skapa orðræðu um hina nýju stefnu og koma hugmyndum á framfæri í viðtölum og greinum.⁸²

Flestir þessara strangflatarlistamanna voru kenndir við Septembersýningarnar 1947, 1948, 1951 og 1953 sem ollu bæði straumhvörfum og fjaðrafoki í Reykjavík því þeir ruddu braut vitsmunalegrar afstöðu til myndlistar og hópfylgni að sameiginlegum markmiðum.⁸³ Það var á Septembersýningunni 1951 sem sterk geómetrísk málverk komu fyrst fram hér á landi, verk eftir þá Valtý og Þorvald.⁸⁴

Það má segja að engar liststefnur hér á landi hafi staðið á jafn traustum hugmyndafræðilegum grunni og geómetrísk abstraktlist eftirstríðsáranna. Það var ekki síst að þakka vel ritfærum og menntuðum listamönnum sem voru ötulir að kynna hugmyndalegar forsendur og útlista eðli hennar í ræðu og riti og setja þar með íslenska myndlist í alþjóðlegt samhengi.⁸⁵ Hörður Ágústsson (1922-2005) var afar ötull málsvári geómetríunnar, bæði sem listamaður og með skrifum sínum, m.a. í tímaritið *Birting* sem hóf göngu sína árið 1955.

Hinn þýsk-svissneski listamaður Dieter Roth var mikil innspýting fyrir íslenskt listalíf þegar hann fluttist til Íslands árið 1957.⁸⁶ Dieter sá um útlitshönnun á einu hefti Birtings árið 1957 og gerði grein fyrir þeim hugmyndum sínum að glæða þyrfti allan texta „optísku“ lífi á forsendum konkretlistarinnar.⁸⁷ Dietersheftið er róttækasta framlag tímaritsins Birtings, bæði í fagurfræðilegum og hugmyndalegum skilningi.⁸⁸ Þó það hafi verið uppgangur í op-listinni í Evrópu virðist hún ekki ná mikilli fótfestu hér á landi.⁸⁹ Í kringum 1960 virðist áhugi íslenskra

⁸¹ Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Geómetrían sem átrúnaður“, 8.

⁸² Júlíana Gottskálksdóttir, „Myndlist undir merkjum nútíðar“, 22.

⁸³ Halldór Björn Runólfsson, „Konkretlist á Íslandi“, 153.

⁸⁴ Gunnar B. Kvaran, *Íslensk abstraktlist*, 5.

⁸⁵ Júlíana Gottskálksdóttir, „Myndlist undir merkjum nútíðar“, 22.

⁸⁶ Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Brimsorfin geómetría“, 125.

⁸⁷ Thor Vilhjálmsson, „A propos Dieter Rot“, 46.

⁸⁸ Þröstur Helgason, *Opna Svæðið*, 367.

⁸⁹ Eyborg er nánast eini fulltrúi okkar op- og hreyfilist í kaflanum, „Optísk list“, *Íslensk listasaga*, 2011.

Það er aðeins minnst á verk Harðar Ágústssonar og Dieter Roth.

Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Optísk list“, 131-134.

myndlistamanna á franskri myndlist og menningu dvína skyndilega.⁹⁰ Íslensku strangflatarbyltingunni var að ljúka hér á landi á svipuðum tíma og Eyborg var að nema og sýna með listamönnum í París.

4. Ferill Eyborgar og viðtökur

Myndlistarferill Eyborgar var ekki langur, eða um sextán ár, og viðtökur verka hennar voru misjafnar á sínum tíma. Eftir lát Eyborgar var umfjöllun um verk hennar lítil sem engin fyrr en með lítilli einkasýningu árið 1997 sem vakti athygli á list hennar, en síðan fennir yfir aftur. Þrátt fyrir ýmis skrif um skort á yfirlitssýningu varð ekkert úr henni fyrr en árið 2019. Við þá sýningu jókst áhugi á verkum hennar til muna og þótti biðarinnar virði.⁹¹ Viðtökusagan sem hér er rakin gefur áhugaverða sýn á breytt viðhorf og afstöðu til listar hennar og er mögulega ein af skýringum þess að hún týnist og fær ekki verðskuldaða yfirlitssýningu fyrr en árið 2019.

4.1 Nám og sýningar erlendis

Eyborg hóf sitt formlega listnám um 35 ára aldur í París og gekk út úr Académie Julian sökum mótaðrar hugmyndafræði í list sinni. Mögulega var hún ekki tilbúin að byrja á byrjuninni í sínu listnámi. Hún var ötul að sækja sýningar og vera í daglegri umgengni og samræðum við listamenn ásamt því að afla sér menntunar í einkatímum hjá listamönnum sem henni fannst skara fram úr.⁹² Á meðal þess sem helst höfðaði til Eyborgar á Parísarárum hennar var op-listin og verk Victor Vasarelys.⁹³ Eyborg kom reglulega á vinnustofu Vasarelys til leiðsagnar og komst svo að orði um þessar heimsóknir: „Vasarely er stórkostlegur listamaður og vísindamaður og það er á við marga akademíuna að vinna undir hans handleiðslu.“⁹⁴ Vasarely aðstoðaði Eyborgu tvívegis við að sækja um fjárstyrk til náms, árin 1960 og 1961.⁹⁵ Í þessum umsóknum staðfestir hann að hún sé undir hans handleiðslu og að hann gagnrýni verk hennar

⁹⁰ Aðalsteinn Ingólfsson, „Milli Tveggja Heima“, 15.

⁹¹ Aldís Arnardóttir, „Kærkomin kynni“, 72.

⁹² „Á tíu sýningum í París“, 12.

⁹³ Vitnað í sendibréf frá Eyborgu í París til vinkonu hennar Rannveigar Löve, 1960. „allt verður að hreyfast nú á tímum.“ Eyborg er að skrifa um op-listina og hreyfistina sem skók París á þessum árum. Bréfið er í eigu Sigrúnar Löve, dóttur Rannveigar.

⁹⁴ Sigrður Jón Ólafsson, „Fólk hugsar of mikið“, 8.

⁹⁵ Tvö bréf frá Viktor Vasarely sem Eyborg Guðmundsdóttir átti afrit af skrifuð þann 24. október 1960 og 17. nóvember 1961.

„Eyborg Guðmundsdóttir,“ kassi með úrklippum, bréfum o.fl. Bóka- og heimildasafn Listasafns Íslands.

vikulega sem sé sambærilegt við að stunda nám. Hann getur þess ennfremur að hún hafi tekið skjótum framförum og að af henni sé mikils að vænta.⁹⁶ Vasarely leit á Eyborgu sem lærling sinn og skjólstæðing og hann var henni afar þýðingarmikill.

Georges Folmer var henni ekki síður mikill lærimeistari en hann bauð henni að vera einn af fimmtán stofnmeðlimum í Groupe Measure árið 1960.⁹⁷ Eyborg tók þátt í öllum tíu sýningum Groupe Measure víða um Evrópu á árunum 1961–1965.⁹⁸ Fyrsta sýning þeirra var í listasafninu í Rennes, *Musée des Beaux-Arts de Rennes*, en þar átti Eyborg þrjár myndir.⁹⁹ Hópurinn sýndi í fjölda borga í Þýskalandi þar sem var djúp söguleg hefð fyrir geómetríu út frá Bauhaus skólanum, en hópurinn átti minna fylgi að fagna í Frakklandi.¹⁰⁰ Síðasta sýning hópsins var í júní 1965 í Strassborg.¹⁰¹

Auk sýninga með Groupe Measure tók Eyborgu þátt í átta samsýningum árin 1963–1966. Henni bauðst að sýna í París 1963, 1964 og 1966 á Salon des Réalités Nouvelles sem var mikilvægur vettvangur fyrir abstraktlist eftirstríðsáranna. Eftir þátttöku í sýningunni árið 1964 var hún valin til að senda verk til Namur í Belgíu á *Selection Salon de Realités Nouvelles*. Eyborg fékk lofsamleg ummæli fyrir myndir sínar á sýningunni Salon des Realités Nouvelles 1964 og í blöðunum *Combat* og *France Observateur* og þess var sérstaklega getið að verk hennar væru að verða betri með hverju árinu sem liði.¹⁰² Hún sýndi tvisvar á *Salon International de Juvisy* í nágrenni við París 1964 og 1966 og fékk sérstaka viðurkenningu, Diplome d'Honneur, á sýningunni árið 1964.¹⁰³ Auk þess sýndi Eyborg tvisvar á *Formes Actuelles*, 1963 í Grand Palace í París og árið 1964 sendi hún þrjú verk í sömu sýningu sem þá var haldin í St. Quentin í Norður Frakklandi.¹⁰⁴

Nálgun Eyborgar á að efla list í almannarými var þátttaka í kirkjulistasýningum. Hún sýndi tvisvar í París á Salon d'Art Sacré, árin 1964 og 1966. Á fyrri sýningunni sýndi hún tillögu að kirkjugólfi sem til stóð að vinna úr marmara eða öðrum steini, svart og hvítt. Þetta var fyrsta verktillagan sem hún vann í samstarfi við arkitekta.¹⁰⁵ Grein var birt um myndir Eyborgar,

⁹⁶ Sama heimild.

⁹⁷ d'Oreval, „Le Groupe Measure,“ 36-37.

⁹⁸ Fyrsta í Rennes árið 1961 og næstu átta í Þýskalandi: Kaiserslautern 1962, Ludwigshafen 1962, Leverkusen 1963, Frankfurt 1964, Hamborg 1964, Bremen 1964, Bielefeld 1965, Witten 1965 og síðasta í Strassborg í Frakklandi 1965. Lasfargues o.fl. *Georges Folmer*, 221-222.

⁹⁹ „Íslensk stúlka sýnir,“ 5.

¹⁰⁰ d'Orgeval, „Groupe Measure,“ 223.

¹⁰¹ Sigríður Einars, „Eyborg Guðmundsdóttir listmálari,“ 17 og 24.

¹⁰² „Eyborg sýnir á meginlandinu,“ 5.

¹⁰³ M.B.J., „Myndirnar mínar þurfa góða birtu,“ 12.

¹⁰⁴ Sigríður Einars, „Eyborg Guðmundsdóttir listmálari,“ 17.

¹⁰⁵ „Eyborg sýnir á meginlandinu,“ 5. Eyborg nýtti síðar þessa hugmynd að kirkjugólfi sem grunn að málverki sem hún gaf nafnið *Olie* sem hún sýndi í Bogasalnum 1965, samkvæmt sýningarskrá.

ásamt mynd um hugmyndina að kirkjugólfinu frá Salon d'art Sacré 1964 í list-tímaritinu *Architecture d'aujourd'hui*, sem myndhöggvarinn og arkitektinn Pierre Shehely skrifaði.¹⁰⁶ Á Salon d'Art Sacré árið 1966 sýndi Eyborg stóran svartan kross úr smíðajárni sem bar nafnið *Krossinn* en hann vakti talsverða athygli og þótti frumlegur.¹⁰⁷

Í blaðaviðtali við Eyborgu fyrir fyrstu einkasýninguna í Bogasalnum árið 1965 kemur fram að á þeim sýningum sem hún hafði tekið þátt í undanfarin ár hefðu myndir hennar vakið athygli. Vísað var til umfjallana í frönskum og þýskum blöðum þar sem hennar er lofsamlega getið.¹⁰⁸ Það er ljóst að verk Eyborgar hafa fengið þá athygli og umfjöllun sem henni þótti fagleg og var sátt við í dagblöðum og tímaritum í Frakklandi og Þýskalandi þau ár sem hún starfaði erlendis. Folmer virðist ánægður með þróunina í list Eyborgar og kemst svo að orði í sýningarskránni í sýningunni í Bogasal árið 1965:

Eyborg hefur skilið, að það er tærleiki og einfaldleiki, sem stefna ber að í list. Þetta varð okkur ljóst á sýningunni „Salon des Réalités Nouvelles“, þar sem hún hefur sýnt í mörg ár og á öðrum sýningum í París og annars staðar.¹⁰⁹

Einn þáttur í þeirri menntun og áhrifum sem Eyborg hlaut í upphafi í París varðar samfélagslegt og byltingarkennt vægi abstraktlistarinnar. Þessara hugmynda um samfélagslegt vægi listarinnar gætir í afstöðu Eyborgar til samspils lista, hönnunar og vinnu hennar að listsköpun í opinberu rými. Eyborgu fannst það röng stefna „að loka listaverk inni á söfnum eða í heimahúsum, það eigi aðallega að hafa þau í opinberum byggingum og líta á þau sem almenningseign.“¹¹⁰ Á sviði listar í opinberu rými má sjá verk hennar í stigahandriði, sem hún gerði fyrir Kvennaheimilið Hallveigarstaði við Túngötu í Reykjavík, sem þátt í að virkja hönnun til að skapa nýtt samfélag um samstöðu kvenna á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar.

4.2 Heimkoman og misjafnar viðtökur

Eftir rúmlega fimm ára dvöl í París og þátttöku í átján samsýningum víða um Evrópu sneri Eyborg aftur til Íslands árið 1965. Heimkomin tók hún á næstu árum þátt í þó nokkrum samsýningum auk þess að halda þrjár einkasýningar. Á fyrstu sýningunni í Bogasalnum sýndi

Verkið er í eigu Zucker Art books.

https://zuckerartbooks.com/artist/Eyborg_Gudmundsdottir/works/3238. Eftir það útfærði hún hugmyndina að þessu verki sem forsiðu á tímaritinu 19. júní, 1965.

¹⁰⁶ „Eyborg sýnir á meginlandinu,“ 5.

¹⁰⁷ M.B.J., „Myndirnar mínar þurfa góða birtu,“ 12.

¹⁰⁸ „Gengi geometrískrar listar fer sívaxandi,“ 3.

¹⁰⁹ Folmer, *Eyborg Guðmundsdóttir*, 2.

¹¹⁰ Sigríður Einars, „Eyborg Guðmundsdóttir listmálari,“ 17 og 24.

Eyborg afrakstur vinnu sinnar í Frakklandi, sem hún hafði áður meðal annars sýnt víða með Groupe Measure og á öðrum samsýningum erlendis. Þar gaf að líta þrjátíu og fimm málverk auk klippimynda og teikninga sem byggðu á hreinum, einföldum geómetrískum formum og fáum litum. Til þess var tekið í umfjöllun um sýninguna hve vönduð sýningarskráin væri, en í hana rituðu bæði Georges Folmer og ljóðskáldið, fjöllistamaðurinn og ritstjórinn Henri Chopin (1922–2008).¹¹¹

Folmer hafði þetta að segja um verkin: „Þessi alvarlega stemning, sem einkennir myndir Eyborgar getur af sér tregafulla og heillandi ljóðrænu, einkennandi fyrir eyjarskeggja, sem lifa langt frá heimsins glaum en vita um allt, sem smám saman hverfur úr borgum okkar; lífshamingjan sjálf.“¹¹² Hér kann Folmer að hafa lagt skáldlega út frá nafni Eyborgar sem samsett er úr orðunum eyja og borg.

Á þessari sýningu eru verk Eyborgar bæði öguð og ströng þar sem hún hefur unnið af einurð við að sverfa verkin nánast niður í kjarna geómetrískar listar, bæði í litum og formum.

Valtýr Pétursson skrifar um sýninguna sem hann telur snotra, eins og gjarnt sé um fyrstu einkasýningu. Setur hann út á heildarsvipinn sem hann telur dálítið einhliða og hún vinni innan heldur þröngs ramma.¹¹³ Í litameðferð nái hún bestum tókum á svörtum og hvítum lit en það skapist fremur af skreytistíl en að formin séu gædd krafti. Hann hrósar sýningarskránni en á sama tíma kvartar hann undan of miklu skrudmælgí og að erfitt sé að fá eitthvert vit í textann. Það jákvæða væri að myndbygging sé einföld og auðkennist af jafnvægi bæði í lit og formi innan afmarkaðs flatar og það sé nokkuð langt síðan sést hafi jafn heilleg sýning á geómetrískri list. Valtýr nefnir að Eyborg komi of seint með þessa tegund listar til landsins vegna þess að í abstraktlist hafi þróunin beinst í aðrar áttir og í fjölda afbrigða eftir geómetríuna.¹¹⁴ Það er athyglisvert í ljósi ummæla Valtýs að Folmer byrjar á þessum orðum í sýningarskránni:

Geómetrísk myndlist er ekki lengur nýjung hugsar sá, sem ekki hefur vit á, þegar hann gengur forvitinn um málverkasalina. Vissulega ekki. Geómetrísk list er engin nýjung í sjálfum sér – nýjungin er er í öðru fólgin. Hún er falin í túlkuninni, í fínleikanum. Hún liggur alls ekki í augum uppi.¹¹⁵

Á annarri einkasýningu Eyborgar á Mokka Kaffi síðla árs 1966 má greina markverðar breytingar í list hennar með op-listaráhrif í verkunum. Þar sýnir hún tuttugu og eitt verk, þar af

¹¹¹ „Geometríks myndlist í Bogasalnum,“ 11.

¹¹² Folmer, *Eyborg Guðmundsdóttir*, 2.

¹¹³ Valtýr Pétursson, „Sýning Eyborgar Guðmundsdóttur,“ 13.

¹¹⁴ Sama heimild.

¹¹⁵ Folmer, *Eyborg Guðmundsdóttir*, 2.

sex lágmyndir. Hún nefnir að það sé margt að gerast í listsenunni í París. Síkvik áhrif koma fram í nokkrum verkum hennar í nýstárlegum þrívíðum myndverkum; grunnum trékössum með lokuðum botni eða gleri beggja vegna, þar sem myndirnar á flötunum skarast og mynda op-áhrif. Síðbreytileiki verkanna er háður sjónarhorni áhorfandans og þar sækir Eyborg innblástur sinn til argentínska listamannsins Julio Le Parc sem henni fannst vera með athyglisverðustu sýninguna í París af þeim sem hún sótti árið 1966.¹¹⁶ Eitt þekktasta verk Eyborgar er gluggaverk sem enn stendur á Mokka Kaffi við Skólavörðustíg og var hluti af sýningu hennar fyrir tæpum 55 árum.

Bragi Ásgeirsson listamaður skrifaði að sýningin bæri með sér að þar væri vaxandi listakona á ferð og að það væru ekki allir sem gætu fetað í fótspor formsnillings eins og Vasarelys. Honum fannst verkin á sýningunni vera hlýrri og manneskjulegri og að henni hafi tekist að sigrast á þeim kulda sem einkenndi sum eldri verka hennar.¹¹⁷ Hjörleifur Sigurðsson listamaður skrifaði einnig gagnrýni undir yfyrskriftinni „Eyborg og geómetrían“. Hann efaðist ekki um hæfileika Eyborgar og sagði myndirnar orka á hugann sem ærlegur fengur þar sem hver flötur með lit hefði merkingu sem kæmi skýrt í ljós þegar búið væri að renna augunum eftir veggjunum hvað eftir annað. En hann sagði gallana liggja í augum uppi, Eyborg hefði enn ekki öðlast reynsluna, sem sé ætíð forsenda merkilegrar listar, hún væri helst til strangur bókstafsunnandi.¹¹⁸ Eyborg svaraði fyrir sig gagnvart viðtökunum á þessum tveimur einkasýningum sínum í blaðagrein árið 1967. Hún sagði að það væri alrangt að geómetrían væri útdautt listform og andúð gagnvart þessari stefnu væri ekki að finna hjá almenningi. Hana væri fremur að finna hjá ýmsum listamönnum sem hefðu fengist við en horfið frá þessari stefnu og gefið út þær yfirlýsingar að geómetrísk list ætti varla rétt á sér.¹¹⁹

Undir lok sjöunda áratugarins og í upphafi þess áttunda vann Eyborg jöfnum höndum að myndlist og hönnun, aðallega að bókakápum en einnig forsiðum tímarita, plakötum og sýningarskrá. Á meðal verkefna Eyborgar árið 1973 var að sýningarstýra, ferðast um landið og kynna myndlist ásamt öðrum listgreinum. Þetta verkefni hófst í samvinnu við Samband Austur-Húnavetnskra kvenna sem varð að umfangsmikilli og fjölbreyttri sýningu á Blönduósi sem leiddi til farandsýningar sem fór til Húsavíkur, Sauðárkróks og Selfoss undir yfyrskriftinni *Listkynning*. Þar voru samankomin málverk, grafík skúlptúrar, listvefnaður og arkitektúr.¹²⁰

¹¹⁶ „Eyborg sýnir á Mokka“, 23.

¹¹⁷ Bragi Ásgeirsson, „Ýmislegt um myndlist“, 4.

¹¹⁸ Hjörleifur Sigurðsson, „Eyborg og geómetrían“, 6.

¹¹⁹ G.Þ.E., „Hér er vaxandi áhugi á fagurfræði í lífinu“, 7.

¹²⁰ Hluti af listamönnum sem áttu verk á sýningunum: Ásgrímur Jónsson, Ásgerður Búadóttir, Björg

Eyborg átti allan heiður af skipulagi þessarar sýningar, hún valdi listamenn og sá um uppsetningu og hannaði fyrir hana vandaða sýningarskrá og plaköt. Það voru sýnd sjötíu og sex verk eftir þrjátíu og sex listamenn.¹²¹

Eyborg gerði einnig tillögu að listaverki á framhlið Tollhússins en tillaga listakonunnar Gerðar Helgadóttur var valin.¹²² Eyborg var kjörin í stjórn FÍM árið 1973 og sat þar til 1976. Hún tók þátt í samsýningum hér heima á vegum Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna 1967 og 1969. Hún átti verk á nokkrum haustsýningum FÍM á árunum 1966, 1969, 1971 og 1976. Hún var gestur í smáhlutasýningu SÚM 1971 ásamt því að taka þátt í samsýningu listkvenna á göngum Borgarspítalans árið 1975.¹²³ Verk hennar fóru einnig á samsýningu með íslenskum listamönnum í Bergen árið 1975.¹²⁴

4.3 Lokasýningin

Síðasta einkasýning Eyborgar var haldin í Norræna húsinu árið 1975. Þetta var stærsta sýning hennar og voru þar sýnd fimmtíu og fimm verk, málverk, verk á plexiglerplötum ásamt lágmyndum. Mörg verkin einkennast af andstæðupörum lita og forma og í lágmyndum þar sem togast á hreyfing og kyrrstaða í áhugaverðum leik og tilraunum á sjónræna skynjun áhorfenda. Eyborg vann stærstan hluta verkanna sérstaklega fyrir þessa sýningu. Flest verkin voru op-listaverk þar sem Eyborg lék sér með tví- og þrívíddarskynjun áhorfandans á myndfletinum á mun markvissari hátt en áður og einnig með forgrunn og bakgrunn verkanna. Eins vann hún með þenslu og spennu milli forma og á einföldum forsendum. Það má segja að Eyborg hafi staðfest sess sinn á íslenskum listvettvangi með þessari síðustu einkasýningu, sess sem henni entist því miður ekki aldur til að styrkja frekar. Hún lést tveimur árum síðar rúmlega fimmtug að aldri.

Bragi Ásgeirsson skrifaði um sýninguna að Eyborg hefði sérstöðu meðal íslenskra myndlistamanna því op-verk hennar virtust vera einhvers konar viðbót við geómetríutímabilið á fimmta áratugnum. Það kæmu fram ný viðhorf í verkum Eyborgar sem hefðu verið ákaflega

Þorsteinsdóttir, Svavar Guðnason, Sigríður Björnsdóttir, Hringur Jóhannesson, Ragnheiður Jónsdóttir, Hörður Ágústsson, Gunnfríður Jónsdóttir, Hannes Davíðsson og Þorvaldur Skúlason.

¹²¹ „Mikill gestafjöldi,“ 172.

¹²² Í bók Hjörleifs Sigurðssonar, *Listmálaráðbankar*, 48: Hún Eyborg Guðmundsdóttir, geómetrískur málari og höfundur lágmynda stóð á hátindi starfsorku sinnar þegar hún andaðist. „Þeir sem hafa séð tillögu hennar um skreytingu á Tollstöðinni skilja betur en aðrir merkingu þessara orða.“ Í samtali við Guðberg Bergsson rithöfund þann 5. janúar 2019 staðfesti hann að Eyborg hefði sóst eftir að fá verkefnið á framhlið Tollhússins og það hafi verið fallett geómetrískt verk.

¹²³ Rúna Gísladóttir, „Eyborg Guðmundsdóttir 1924–1977,“ 13.

¹²⁴ G.G., „Etborg sýnir op-list,“ 2.

dýrmæt fyrir tveimur áratugum, þau ættu enn þá fyllsta rétt á sér, en á allt annan hátt.¹²⁵ Hann sagði hana ósjaldan blanda sama hreinum flatarmálsformum og optískri sjón með áhugaverðum árangri og sýningin væri heilleg þó þar kenndi margra grasa. „Eyborg hefur staðfest það með þessari sýningu, að hún er vandvirkur málari, sem gædd er miklu hugrekki og einurð og vinnur því umtalsverðan sigur með þessari sýningu.“¹²⁶

Í síðasta blaðaviðtalinu við Eyborgu á haustmánuðum 1975 kom í ljós að hún var ekki sátta við viðtökur á einkasýningum sínum. Henni fannst slæmt að lærðir gagnrýnendur fengjust ekki meira við að skrifa því það skorti hlutlaust, ábyrgt mat og heiðarlega gagnrýni. Hún sagði það hæpið að málara skrifuðu um aðra málara sem ynnu með allt öðru móti.¹²⁷

Þráðurinn í dómum um þessar þrjár einkasýningar er að þetta hafi verið heillegar sýningar og í sumum tilfellum nokkuð áhugaverðar en fyrst og fremst ákveðin tímaskekkja. Guðbergur Bergsson rithöfundur, sem þekkti Eyborgu vel, sagði að hún hefði verið djúpt inni í geómetríunni en það hefði verið lítill skilningur á því hér heima og henni fyndist hún sett niður í íslenska listheiminum því hún væri kona.¹²⁸ Það er áhugavert í ljósi þess að verk hennar eru samþykkt og þykja áhugaverð á mörgum veigamiklum sýningum á meginlandi Evrópu. Hún virðist hafa hlotið mun faglegri og betri viðtökur þar en hér heima, þar sem sérstaða hennar var nánast að list hennar tilheyrði öðru tímabili miðað við íslenskan listheim og sem kona átti hún síður upp á pallborðið.

Þegar litið er yfir feril Eyborgar sést að verk hennar eru fjölbreytt. Þótt hún hafi unnið á forsendum geómetríu í upphafi og sótt í op-list var hún aldrei rígbundin tiltekinni hugmyndafræði eða forsendum. Öllu heldur var það aðall hennar að hún leitaði víða fanga og vann verk í margvísleg efni á sinn einstaka og persónulega hátt. Þessi persónulega nálgun hennar við viðfangsefnið tryggir vægi hennar í íslenskri listasögu. Eyborg kom fram á sjónarsviðið hér heima undir lok tímabils geómetríunnar, tengd mikilvægum hræringum erlendis. Hún stóð ein og sér utan þess sem var ráðandi í íslenskri list sjöunda áratugarins. Hún naut alþjóðlegra tenginga sinna sem veittu henni styrk til að móta persónulega tjáningu á sviði geómetríu og op-listar.

Það er á þessum forsendum sem listfræðingar eins og Halldór Björn Runólfsson telja hana vera „dýrmætan hlekk milli formrænnar abstraktlistar eftirstríðsáranna og umhverfissækinna

¹²⁵ Bragi Ásgeirsson, „Sýning Eyborgar,“ 22.

¹²⁶ Sama heimild.

¹²⁷ M.B.J., „Mér finnst allt merkilegt,“ 12.

¹²⁸ Samtal við Guðberg Bergsson rithöfund þann 5. janúar 2019.

listar síðari ára,¹²⁹ þar sem samtímalistamenn sækja í einarðar forsendur abstrakt- og op-listar við gerð áhrifamikilla innsetninga.

4.4 Gleym ska og upprisa

Eftir lát Eyborgar fennir yfir list hennar í tvo áratugi þar til sett er upp sýning á sjö verkum hennar í sýningarrýminu Annarri hæð við Laugaveg árið 1997. Sýningarstjórnir, Pétur Arason listaverkasafnari og Ingólfur Arnarson myndlistarmaður, sögðu Eyborgu vera merkilegan listamann sem markaði sér sérstöðu sem einn helsti fulltrúi Íslendinga í geómetrí ska málverkinu og optískri myndlist sem fólk þekki ekki lengur.¹³⁰ „Hún var verðugur fulltrúi listhreyfingar sem var mjög í deiglu nni þegar hún var að fást við þessa hluti, einskonar sambland af „op“ og konstrúktífri list sem hún hafði góðan skilning á og þróaði persónulega.“¹³¹

Það má greina breytt og ný viðhorf í viðtöku við þessa sýningu árið 1997. Halldór Björn Runólfsson listfræðingur skrifaði að Eyborg hefði verið með markvissar tilraunir til að þróa abstraktlistina eftir nýjum leiðum og rutt brautina fyrir ákveðinni einföldun á íslenskri abstraktlist í samræmi við þróun listar annars staðar á Vesturlöndum. Halldór var þeirrar skoðunar að Eyborgu hefði tekist að brjóta íslenska abstraktlist út úr öngstræti sérgilds sjálfspóttar. „Eyborg Guðmundsdóttir var mikill listamaður sem auðnaðist með nærgætni og óvenju heilsteyptum vinnubrögðum að gæða deyjandi hefð lífi ásamt að rífa hana lausa úr viðjum vana og ófrjórrar endurtekningar.“¹³²

Jafnframt er athyglisvert að skoða greinar sem beina sjónum að því hve lítill gaumur er gefinn að list hennar og af hverju sé ekki löngu búið að setja upp yfirlitssýningu með verkum hennar. Ólafur Gíslason listfræðingur velti fyrir sér í tengslum við sýninguna árið 1997 af hverju hlutur Eyborgar hefði til þessa verið vanræktur í listasögunni og að þessi sýning vekti til vitundar um nauðsyn þess að haldin sé yfirlitssýning á verkum þessarar merku listakonu.¹³³ Hrafnhildur Schram listfræðingur skrifaði ítarlega grein í *Skírni* árið 2007 um Eyborgu og benti þar á í lok greinarinnar að það væri mikill fengur að veglegri yfirlitssýningu, þar sem verk hennar væru sett í alþjóðlegt samhengi og kynnt almenningi.¹³⁴

Samsýningin *Blik* árið 2009 á Kjarvalsstöðum snerist um op-list á Íslandi, og þar voru verk Eyborgar sett í innlent samhengi. Páll Baldvin Baldvinsson rithöfundur furðaði sig á því að

¹²⁹ Halldór Björn Runólfsson, „Dýrmætur hlekkur í íslenskri listasögu,“ 3.

¹³⁰ Einar Falur Ingólfsson, „Frumformin undirstaða alls,“ 24.

¹³¹ Sama heimild.

¹³² Halldór Björn Runólfsson, „Dýrmætur hlekkur í íslenskri listasögu,“ 3.

¹³³ Ólafur Gíslason. „Útópía samræmis tækni og listar,“ 16.

¹³⁴ Hrafnhildur Schram, „Leit að dropanum tæra,“ 263.

framlag hennar til íslenskrar myndlistar skyldi ekki hafa fengið meiri athygli.¹³⁵ Hann bætti við að enginn væri eyland og það væri löngu kominn tími til að staður Eyborgar á meginlandi op-listarinnar væri sannaður. Enn væri eftir að halda stóra yfirlitssýningu með verkum hennar og skyldi þess vera vant af einni ástæðu, sagði hann, jú, hún væri kona.¹³⁶

Það má lesa úr viðtökusögu milli árána 1997–2009 að þar kveður við allt annar tón en meðan hún lifði. Þar er nefnt að þáttur hennar í íslenskum listheimi sé vanræktur og skortur á yfirlitsýningu hálf óskiljanlegur. Heildarferill hennar hefur fengið litla athygli og eingöngu ein einkasýning með sjö verkum hennar árið 1997, tveimur áratugum frá láti hennar. Það er áhugavert að þrátt fyrir ýmis skrif um og eftir 1997 þar sem hvatt er til yfirlitssýningar á verkum Eyborgar verður lítið úr því. Eftir 2009 fer áhugi á verkum hennar hins vegar að aukast nokkuð. Þess má geta að í *Íslenskri listasögu*, sem var gefin út 2011, var fjallað sérstaklega um optíska þáttinn í list hennar og yfirlit gefið um feril hennar.¹³⁷

Með yfirlitssýningunni *Hringur, feryrningur og lína* árið 2019 var loks dreginn fram línulegur ferill Eyborgar, þessarar hálfgerðu huldukona í íslenskum listheimi. Sýningin var yfirgripsmikil með fjölbreyttu úrvali verka sem komu flest úr einkasöfnum en einnig opinberum söfnum. Með þessari sýningu er tilefni til að stigin séu fleiri skref í átt að frekari rannsóknum á myndlist Eyborgar. Fæstir sýningagesta vissu um tilvist þessa listamanns og verka hennar.

Listfræðingurinn Aldís Arnardóttir skrifaði í Morgunblaðið að beðið hafi verið með eftirvæntingu eftir fyrstu yfirlitssýningu á verkum Eyborgar því það væri búið að vera furðuhljótt um stuttan en kraftmikinn feril hennar. Hún sagði að þetta væri kærkomið tækifæri til að fá skýrari mynd af ferli Eyborgar og skoða verkin í víðara alþjóðlegu samhengi.¹³⁸ Hún hafi tekið virkan þátt í starfi og þróun Group Measure og standi þeim síst á sporði og væri ein fárra listamanna sem héldu lífinu í þróun abstraktlistar hér á landi.¹³⁹

Í útvarpsþættinum Tengivagninn á Rás 1 um stöða myndlistar á Íslandi 2019 var m.a. spurningin til þriggja viðmælenda hvaða myndlistasýning hefði staðið upp úr á síðasta ári. Jóna Hlíf Halldórsdóttir, þáverandi safnstjóri Gerðarsafns, svaraði að sýning Eyborgar Guðmundsdóttur hefði verið frábær því það væri svo mikilvægt fyrir sjálfsmynd kvenna í myndlistinni að fá yfirlitssýningu á verkum listkvenna frá þessu tímabili. Guðrún Erla

¹³⁵ Páll Baldvin Baldvinsson, „Eyborg og op-list á Íslandi,“ 42.

¹³⁶ Páll Baldvin Baldvinsson, „Op á Íslandi er enn ókannað,“ 1.

¹³⁷ Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir, „Optísk list,“ 131–134.

¹³⁸ Aldís Arnardóttir, „Kærkomin kynni,“ 73.

¹³⁹ Sama heimild, 72–73.

Geirsdóttir, Gerla, listamaður og listfræðingur, nefndi á málþingi sem var haldið í kjölfar sýningar Eyborgar um stöðu listakvenna í dag að sýningin væri stórkostleg og að það væri staðreynd að karlmenn hefðu fengið mun meira pláss í myndlistarsenunni í gegnum tíðina. Jón Proppé listheimspekingur var spurður hvaða málefni eða þemu væru áberandi hjá listamönnum árið 2019 og svar hans var: staða kvenna í myndlist.¹⁴⁰

Inga Björk Bjarnadóttir listfræðingur las í hvers vegna hróður Eyborgar var ekki jafn mikill og búast hefði mátt við í útvarpsþættinum Víðsjá á Rás 1. Einn þáttinn sagði hún vera þann að það vantaði merkar listakonur á hinar karllægu blaðsíður listasögunnar og þær hefðu ekki verið dregnar fram í sviðsljósið fyrr en öldum eða áratugum síðar. Fagna bæri að þessum merka abstraktlistamanni væri gert hátt undir höfði með þessari yfirlitssýningu.¹⁴¹

Myndlistarrýnir og umsjónarmaður menningarefnis Morgunblaðsins kusu sýningu Eyborgar eina af átta eftirtektarverðustu sýningum ársins 2019:

Hún hafði sérstöðu í karllægum heimi myndlistarinnar og hver veit í hvað átt verk hennar hefðu þróast hefði henni unnist aldur til að vinna lengur að sinni merku listsköpun [...] Þetta er sýning sem enginn listunnandi ætti að láta fram hjá sér fara og þótt biðin eftir henni hafi verið löng [var hún] sannarlega biðarinnar virði.¹⁴²

Það má draga þá ályktun að menningarrýnar líti svo á að sýningin um list Eyborgar, sem er ákveðin söguskoðun, hafi átt fullt erindi við samtíma okkar og hrifið bæði safngesti og þá sem tengjast listheiminum hér heima.

Rannsókn á viðtökum er ein leið til að skoða hvernig afstaða til myndlistar hefur tekið breytingum í tímanna rás.¹⁴³ Þær viðtökur sem list Eyborgar hlaut bæði erlendis og hér heima við eru áhugaverðar með tilliti til breyttra viðhorfi og hugmyndafræðilegrar afstöðu til geómetrískrar abstraktlistar og op-listar á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og alveg til samtímans. Eyborg er samþykkt sem hluti af reynslumiklum sýningarhópi sem er að vinna í geómetríunni í París og er boðið að taka þátt í átta samsýningum utan hópsins. Eyborg fær viðurkenningar og þykir vera að gera áhugaverða list og lofa góðu sem listamaður snemma á sínum ferli. Henni er einnig boðin þátttaka í framúrstefnuhópi í listheimi Parísar. Hún nærir

¹⁴⁰ Halla Óskarsdóttir. „Staða myndlistar á Íslandi 2019.“ 22. júlí 2019. Í *Tengivagninn*, RÚV á Rás 1.

¹⁴¹ Inga Björk Bjarnadóttir. „Tilraunir með hringi, ferhyrninga og línur.“ 4. mars 2019. Í *Víðsjá*, RÚV á Rás 1, <https://www.ruv.is/frett/tilraunir-med-hringi-ferhyrninga-og-linur>

¹⁴² Aldís Arnardóttir og Einar Falur Ingólfsson. „Myndlistarsýningar ársins,“ 37.

¹⁴³ Hlynur Helgason, „Viðtökur á verkum Þórarins B. Þorlákssonar,“ 188.

sína sköpun með heimsóknnum til Parísar, sýningarsókn og heldur tengingum við listamenn í París eftir að hún kemur heim.

Eins og fram hefur komið voru viðtökur misjafnar þegar Eyborg kom til Íslands. Þær voru frá því að þykja hún vera vandvirk, of einhliða og alveg yfir í að vera tímaskekkja, allt af því að list hennar var tveimur áratugum of sein í íslenskum listheimi. Eftir að hún féll frá gleymdist hún. Þegar nokkur verka hennar eru sýnd árið 1997 voru viðtökurnar í allt aðra átt, þá að hún væri mikilvægur hlekkur í íslenskri abstraktsögu. Þrátt fyrir þessar staðreyndir sem og skrif í ýmsum miðlum eftir 1997, þar sem hvatt er til yfirlitssýningar á verkum hennar, var það ekki gert fyrr en árið 2019. Ein ástæðan er sú að það hafi hamlað kynningu á list hennar að hún var kona. Þegar loks er sett upp yfirlitssýning á verkum hennar um hálfri öld frá miðjum ferli hennar kom list þessarar týndu listakonu mörgum á óvart. Þeim sem vissu af henni fannst yfirlitssýningin biðarinnar virði og að sýning Eyborgar væri mikilvæg fyrir listakonur til að fá víðari sýn á list kvenna frá þessu tímabili í abstraktlistasögu Íslands.

Niðurlag

Í ritgerðinni er fjallað um sýninguna *Hringur, ferhyrningur og lína* ásamt túlkun á ferli listakonunnar Eyborgar Guðmundsdóttur. Markmið ritgerðarinnar var að skoða hvernig þessari fyrstu yfirlitssýningu tókst til við að túlka feril Eyborgar, þessarar lítt þekktu listakonu. Sýningin hlaut jákvæðar viðtökur eins og hefur þegar komið fram. Að því leyti tókst með sýningunni að vekja áhuga á ferli Eyborgar sem myndlistarmanns. Sýningargestir og fulltrúar fjölmiðla voru undrandi yfir því að heildarferill Eyborgar hafi ekki verið betur kynntur fyrr. Hvað viðtökur áhrærir tókst með þessari sýningu að tengja verk Eyborgar betur við íslenskan listheim og listasögu og að því leyti var markmiðinu náð.¹⁴⁴

Í þessari ritgerð hefur verið leitast við að gera grein fyrir ferli Eyborgar með því að rýna í þessa fyrstu yfirlitssýningu á verkum hennar. Sýningunni var skipt upp í nokkur mengi í ritgerðinni til að auðvelda miðlunina og valið var að varpað ljósi á nokkur lykillistaverk og sérkenni hugmynda hennar sem studdu við upphengi og framsetningu sýningarinnar. Það fundust mun fleiri listaverk en vonast var eftir í upphafi og studdi það vel við sýningaráherslur, en það var ánægjulegt hvað eigendur þeirra voru sáttir við að list Eyborgar yrði loksins gerð skil og hún sýnd. Til að auka skilning á verkum hennar, þar sem rætur hugmynda hennar og þjálfun voru í París, var nauðsynlegt að skoða bakland geómetrískrar listar í ritgerðinni ásamt því sem var að gerast í op-listinni, því sú saga endurspeglar að hluta til í verkum hennar. Í ritgerðinni gafst tækifæri til að fara nákvæmar yfir feril hennar en hægt var í miðlun á sýningunni. Sú leið var valin á sýningunni að kynna feril hennar, bæði í útgefnu efni og frásögn, sem þann listamann sem er verðugur fulltrúi okkar í hinni öguðu geómetrísku abstraktlist, op-list og samþættingu í eins konar optískri geómetríu sem var sérstaða verka Eyborgar. Allt kapp var í lagt á að við að sér sem flestum listaverkum og heimildum í ritum ásamt samtölum við fjölda manns svo að túlkunin gæfi möguleika á að draga upp heildarmynd af myndlistarferli

¹⁴⁴ Vitnað er í list Eyborgar sem hliðstæðu eftir yfirlitssýninguna: Í leiðsögn um ljósmyndasýningu Gunnars Péturssonar, „Í ljósmálinu“, Þjóðminjasafnið, febrúar 2020, sótt 4. janúar 2021, <https://www.thjodminjasafn.is/syningar-vidburdir/sersyningar/eldri-syningar/i-ljosmalinu>. Í bókinni: *Sigríður Björnsdóttir myndverk 1950- 2019*, kafla ritaður af Aðalsteini Ingólfssyni, „Myndir endurtekinnar hugljómunnar“, 23, að verk Sigríðar Björnsdóttur á ákveðnu tímabili einkennist af sterkri formhyggju og má tengja þær stefnubreytingar í gegnum endurnýjuð kynni við Eyborgu eftir heimkomu hennar frá París.

Einnig voru nokkur verk Eyborgar sett upp á einkasýningu í Gallerí Úthverfa á Ísafirði í júní 2020 og er vitnað í texta á vef úr sýningaraskrá frá yfirlitsýningunni að Kjarvalsstöðum 2019, sótt 3 janúar 2021, <https://www.westfjords.is/is/afthreying/vidburdir/outvert-art-space-galleri-uthverfa-works-by-eyborg-gudmundsdottir>

Eyborgar fyrir þessa sýningu. Mörgum af þessum heimildum er miðlað hér í þessari ritgerð mun nákvæmar en hægt var í tengslum við sýninguna.

Til að leita svara við því hvers vegna það var ekki löngu búið að setja upp heildarsýningu á verkum þessa merka listamanns voru viðtökurnar sem list hennar hlaut skoðaðar í ritgerðinni. Fjallað var um viðtökusögu hennar, bæði í París og hér heima, til að veita innsýn í þau breyttu viðhorf frá því að þau voru fyrst sett fram, falla nánast í gleymsku og síðan til ákveðinnar upprisu með yfirlitssýningunni. Eyborg þótti sú gagnrýni fagleg sem hún fékk erlendis en svaraði þeim viðtökum sem hún var ósátt við hér heima þannig að það skorti á að lærðir listgagnrýnendur skrifi um sýningar og að kunningjaskaparsjónarmið skíni í gegn um skrifin.¹⁴⁵ Það má vera að þetta sé ein af ástæðunum og einnig gæti sú staðreynd að hún var kvennlistamaður hafa átt þátt í því að hún gleymdist sem listamaður í áratugi. Listamaðurinn og rithöfundurinn Jón B. K. Ransu skrifaði á bloggsíðu sinni árið 2008 að Eyborg væri að hans mati vanmetnasti listamaður Íslands.¹⁴⁶

Á sama tíma og undirbúningur og sýning Eyborgar stóð yfir er áhugavert að lítt þekktar myndlistarkonur, 100 ára afmæli Bauhaus, geómetrísk list og op-list séu sett upp og sýnd víða í listheimi Evrópu. Það gaf meðbyr og þá fullvissu um að allt á sér tíma og stað. Áhugi á list Eyborgar Guðmundsdóttur jókst í kjölfarið og er hún nú metin sem markverð listakona í samhengi íslenskrar listasögu.

¹⁴⁵ M.B.J., „Mér finnst allt merkilegt sem vel er gert,“ 12.

¹⁴⁶ Jón B. K. Ransu. Í *ransu.blog.is* <https://ransu.blog.is/blog/ransu/?offset=130>

Heimildaskrá

- Aðalsteinn Ingólfsson. „Milli Tveggja Heima.“ *Í Myndlist Eiríks Smith 1963-1968*, ritstj. Bera Nordal. Reykjavík Listasafns Íslands, 1996. Sýningarskrá.
- Aðalsteinn Ingólfsson. „Orð, Mynd: UARÐ, MUND: VOARÐ, MOAND: Mál í Myndum Dieters Roth.“ *Ritið* 5, (2005): 21–31.
- Aðalsteinn Ingólfsson. „Sigríður Björnsdóttir: Myndir endurtekinnar hugljómunar.“ *Í Sigríður Björnsdóttir: Myndverk 1950-2019*, ritst. Karl Roth, Guðríður Adda Ragnarsdóttir, Vera Roth og Björn Roth, 10-26. Reykjavík: ROTH Verlag, 2019.
- Ameline, Jean-Paul. *Soto: Vibration 1950-1960*. New York, BNA Hauser & Wirth, 2019. Sýningarskrá.
- Aldís Arnardóttir. „Kærkomin kynni.“ *Morgunblaðið*, 28. febrúar 2019.
- Aldís Arnardóttir og Einar Falur Ingólfsson. „Myndlistarsýning ársins.“ *Morgunblaðið* 31. desember 2019.
- „Á tíu sýningum í París- nú fyrst í Reykjavík.“ *Tíminn* 28. janúar 1965.
- Bragi Ásgeirsson. „Sýning Eyborgar.“ *Morgunblaðið*, 23. mars 1975.
- Bragi Ásgeirsson. „Ýmislegt um myndlist.“ *Morgunblaðið*, 16. desember 1966.
- Carlslund, Otto, Theo van Doesburg, Jean Helion, Léon Tutundjian og Marcel Wantz. „The Basis of Concret Painting, 1930.“ *Í Abstraction: Documents of Contemporary Art*, ritstj. Maria Lind, 47. London, England: MIT Press, 2013.
- Childs, Peter. *Modernism: The New Critical Idiom*. London, England: Routledge, 2000.
- d’Orgeval, Domitille. „Groupe Mesure.“ *Georges Folmer 1895-1977: Catalogue raisonné*. Trouville-sur-Mer, Frakkland: Librairie des Musées, 2015. Sýningarskrá
- d’Oreval, Domitille. „Le Groupe Mesure, le défi renouvelé.“ *Í L’esthétique constructiviste de 1951 á 1970*. París, Frakkland: Galerie Drouart, 2009. Sýningarskrá.
- Dempsey, Amy. „GRAV.“ *Styles, Schools and Movements: The Essential Encyclopaedic Guide to Modern Art*. London, England: Thames & Hudson, 2010.
- Dóra S. Bjarnason. *Brot: Konur sem þorðu*. Reykjavík: Benedikt bókaútgáfa, 2019.
- Einar Falur Ingólfsson. „Frumformin undirstaða alls.“ *Morgunblaðið*, 6. febrúar 1997.
- „Eyborg Guðmundsdóttir.“ Kassi með úrklippum, bréfum o.fl. Bóka- og heimildasafn Listasafns Íslands.
- Eyborg Guðmundsdóttir. „Kápumynd og stigahandrið.“ 19. júní 1, (1969): forsíða.
- „Eyborg sýnir á Mokka.“ *Morgunblaðið*, 1. desember 1966.

„Eyborg sýnir á meginlandinu.“ *Morgunblaðið*, 20. ágúst 1964.

Follin, Frances, Claus Pias og Martina Weinhart. *Op Art*. Köln, Þýskaland: Buchhandlung Walther Konig, 2007. Sýningarskrá.

Folmer, Georges. *Eyborg Guðmundsdóttir*. Reykjavík: Bogasalur Þjóðminjasafnsins, 1965. Sýningarskrá.

Foster, Hal, Rosalind Krauss, Yve-Alain Bois og Benjamin H.D. Buchloh. *Art Since 1900: Modernism, Antimodernism, Postmodernism*. London, England: Thames and Hudson, 2004.

Framton, Kenneth. „De Stijl.“ Í *Concepts of Modern Art: From Fauvism to Postmodernism*, ritstýrt af Nikos Stangos, 141-159. London, England: Thames & Hudson, 2006.

Gauthier, Michel, Arnold Pierre og Mathilde Marchand. *Vasarely: Sharing Forms*. París, Frakkland: Centre Pompidou, 2019. Sýningarskrá.

G.G. „Etborg sýnir op-list.“ *Þjóðviljinn*, 13. mars, 1975.

„Geometríks myndlist í Bogasalnum.“ *Vísir*, 1. febrúar 1965.

Gengi geometrískrar listar fer sívaxandi, segir Eyborg eftir 5 ára dvöl í París.“ *Morgunblaðið*, 17. janúar 1965.

Guðbergur Bergsson. „Stórmerk sýning á veggjum Kjarvalsstaða og stórmerkar tuggur listfræðinga í sýningarskrá.“ *Helgarpósturinn*, 5. febrúar 1987.

Guðrún Jónsdóttir. Inngangur að *Íslensk abstraktlist: Endurskoðun*. Reykjavík, Ísland: Listasafn Reykjavíkur, 1995. Sýningarskrá.

Gunnar B. Kvaran. *Íslensk abstraktlist: Endurskoðun*. Reykjavík: Listasafn Reykjavíkur, 1995. Sýningarskrá.

G.Þ.E. „Hér er vaxandi áhugi á fagurfræði í lífinu.“ *Tíminn*, 30. júní 1967.

Halldór Björn Runólfsson. „Dýrmætur hlekkur í íslenskri listasögu.“ *Alþýðublaðið*, 21. mars 1997.

Halldór Björn Runólfsson. „Konkretlist á Íslandi.“ Í *Konkret I Norden 1907-1960*. Helsinki, Finnland: Nordiskt Konstcentrums, 1987. Sýningarskrá.

Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir. „Brimsorfin geómetría: Grafísk hönnun, ljósmyndun og listvefnaður.“ Í *Íslensk Listasaga frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar*, III. bindi, *Abstraktlist*, ritstj. Ólafur Kvaran, 108-129. Reykjavík: Forlagið og Listasafn Íslands, 2011.

Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir. „Geómetrían sem átrúnaður.“ *Morgunblaðið*, Lesbók, 11. desember 2004.

- Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir. „Optísk list.“ Í *Íslensk Listasaga frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar*, III. bindi, *Abstraktlist*, ritstj. Ólafur Kvaran, 131-134. Reykjavík: Forlagið og Listasafn Íslands, 2011.
- Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir. „Uppbygging í óreiðunni: Rætur geómetrískrar abstraktlistar.“ Í *Íslensk Listasaga frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar*, III. bindi, *Abstraktlist*, ritstj. Ólafur Kvaran, 68-72. Reykjavík: Forlagið og Listasafn Íslands, 2011.
- Hávar Sigurjónsson. „Ljósbrót frá meginlandinu.“ *Morgunblaðið*, Lesbók, 27. febrúar 1999.
- Heba Helgadóttir, Ingibjörg Sigurjónsdóttir og Ólöf Kristín Sigurðardóttir. *Eyborg Guðmundsdóttir: Hringur, ferhyrningur og lína*. Reykjavík: Listasafn Reykjavíkur, 2019. Sýningarskrá.
- Hjörleifur Sigurðsson. „Eyborg og geómetrían.“ *Vísir*, 13. desember 1966.
- Hjörleifur Sigurðssonar. *Listmálarabankar*. Reykjavík: Mál og menning, 1997.
- Hlynur Helgason. „Viðtökur á verkum Þórarins B. Þorlákssonar: Þáttur í þróun íslenskrar listfræði.“ *Ritið* 3,(2018):187-215. doi: <https://doi.org/10.33112/ritid.18.3.10>
- Houston, Joe. „1965: The Year of Op, 2007.“ Í *Abstraction: Documents of Contemporary Art*, ritstj. Maria Lind, 78-86. Cambridge, England: MIT Press, 2013.
- Hrafnhildur Schram. „Leit að dropanum tæra: Eyborg Guðmundsdóttir 1924-1977.“ *Skírnir* 181, (vor 2007): 255- 263.
- „Íslensk stúlka sýnir í Frakklandi.“ *Morgunblaðið*, 12. apríl 1961.
- Júlíana Gottskálksdóttir. „Myndlist undir merkjum nútíðar,“. Í *Draumurinn um hreint form: Íslensk Abstraktlist 1950-1960*, ritstj. Ólafur Kvaran, 11-40. Reykjavík: Listasafn Íslands, 1998. Sýningarskrá.
- Lasfargues, Pierre, Claire Boustani, Domitille d'Orgeval, Serge Lemoine, Robert Florentin, Jean- Marie Guibert, Hervé Joubaux o.fl. *Georges Folmer 1895-1977: Catalogue raisonné*. Trouville-sur-Mer, Frakkland: Librairie des Musées, 2015. Sýningarskrá.
- Lind, Maria. „Introduction// Abstaction.“ Í *Abstraction: Documents of Contemporary Art*, ritst. Maria Lind, 10-20. London, England: MIT Press, 2013.
- Lauter, Marlene og Beate Reese. *Concrete Art in Europe after 1945*. Würzburg, Þýskaland: Museum im Kulturspeicher, 2002.
- Magnús Pálsson. „Konkret ljóðlist.“ *Eintak* 3,(1971): 28-34.
- M.B.J. „Mér finnst allt merkilegt sem vel er gert og af einlægni.“ *Morgunblaðið*, 29. nóvember 1975.
- M.B.J. „Myndirnar mínar þurfa góða birtu: Rabbað smástund við Eyborgu Guðmundsdóttur, listmálara.“ *Morgunblaðið*, 28. ágúst 1966.


- Otto, Elizabeth og Patrick Rössler. *Bauhaus Women: A Global Perspective*. London, England: Herbert Press, 2019.
- Ólafur Gíslason. „Útópía samræmis tækni og listar.“ *DV*. 10. febrúar 1997.
- Ólöf Kristín Sigurðardóttir. Inngangur að *Eyborg Guðmundsdóttir: Hringur, ferhyrningur og lína*. Reykjavík: Listasafn Reykjavíkur, 2019. Sýningarsrá.
- Páll Baldvin Baldvinsson. „Eyborg og op-list á Íslandi.“ *Fréttablaðið*, 12. september 2009.
- Páll Baldvin Baldvinsson. „Op á Íslandi er enn ókannað.“ *Fréttablaðið*, 19. september 2009.
- Roth, Dieter og Dirk Dobke, ritstj. *Graphic Works: Catalogue Raisonné 1947-1998*. London, England: Hansjörg Mayer, 2003. Sýningarskrá.
- Rúna Gísladóttir. „Eyborg.“ *Morgunblaðið*, 6. júlí 1985.
- Rúna Gísladóttir. „Eyborg Guðmundsdóttir 1924–1977.“ Lokaritgerð við Myndlista- og handíðaskólann, 1981.
- Sigríður Einars. „Eyborg Guðmundsdóttir listmálari.“ *19. júní* 1, (1965): 17 og 24.
- Sigurður Jón Ólafsson. „Fólk hugsar of mikið um peninga hér á landi.“ *Alþýðublaðið*, 14. desember 1966.
- Thor Vilhjálmsson. „A propos Dieter Rot.“ *Birtingur* 2,(1956): 46-47.
- Thor Vilhjálmsson. „Viðtal við Nínu.“ *Birtingur* 3,(1955):17-20.
- Valtýr Pétursson. „Sýning Eyborgar Guðmundsdóttur.“ *Morgunblaðið*, 6. febrúar 1965.
- Varnedoe, Kirk. „Why Abstract Art // 2016.“ Í *Abstraction: Documents of Contemporary Art*, ritstj. Maria Lind, 48-64. London, England: MIT Press, 2013.
- Þröstur Helgason. *Opna Svæðið: Tímaritið Birtingur og íslenskur móðernismi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2020.

Viðauki: Myndir




Mynd 1. Eyborg Guðmundsdóttir, *Án titils*, 1959. Akríl á pappír, 52 x 38 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.




Mynd 2. Eyborg Guðmundsdóttir, *Leit að dropnum tæra*, 1962. Akríl á striga, 65 x 54 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.



Mynd 3. Eyborg Guðmundsdóttir, *Línur – Les Lignes d'Or*, 1963. Akríl á striga, 130 x 90 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson



Mynd 4. a) Eyborg Guðmundsdóttir, *Partition I*, 1966. Gler, trékassi og akríl, 52 x 52 x 8 cm.


Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.

b) Eyborg Guðmundsdóttir, *Partition II*, 1966. Gler, trékassi og akríl, 52 x 52 x 8 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.


c) Eyborg Guðmundsdóttir, *Partition III*, 1966. Gler, trékassi og akríl, 52 x 52 x 8 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.




Mynd 5. Eyborg Guðmundsdóttir, *Relief I og II – Kubbaleikur*, 1974-1975. Akríl og fosfórlitur á tré, 62 x 62 x 5 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.



Mynd 6. Eyborg Guðmundsdóttir, *Krossinn*, 1966. Smíðajárn, svartmálað, 70 x 150 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.



Mynd 7. a) Eyborg Guðmundsdóttir, *Án titils*, 1967-1975. Akríl á plexígler, 50 x 50 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari Guðmundur Ingólfsson.

b) Eyborg Guðmundsdóttir, *Án titils*, 1967-1975. Akríl á plexígler, 50 x 50 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.

c) Eyborg Guðmundsdóttir, *Án titils*, 1967-1975. Akríl á plexígler, 50 x 50 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.


d) Eyborg Guðmundsdóttir, *Án titils*, 1967-1975. Akríl á plexígler, 50 x 50 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.



Mynd 8. Eyborg Guðmundsdóttir, *Svartur kúluleikur* og *Hvítur kúluleikur*, 1974. Tré, snæri og akríl, 52 x 52 x 8 cm.

Einkaeign. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.



Mynd 9. Eyborg Guðmundsdóttir, *Tveir teningar*, 1974-1975. Akríl á striga, 100 x 130 cm.

Eigandi: Listasafn Íslands. Ljósmyndari: Guðmundur Ingólfsson.